

2019

**VIÐBRAGÐSÁÆTLUN
HEILBRIGÐISSTOFNUNAR**

HSU Hornafirði



**HSU Hornafirði
Ríkislögreglustjórinn
Sóttvarnalæknir**



Viðbragðsáætlun

2. útgáfa, 2019

Verkefnastjórn:

Elín Freyja Hauksdóttir, Framkvæmdastjóri lækninga

Ester Þorvaldsdóttir, Framkvæmdastjóri hjúkrunar

Guðrún Dadda Ásmundardóttir, Framkvæmdastjóri

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	5
SKAMMSTAFANIR.....	6
ORÐSKÝRINGAR	7
1.0 INNGANGUR	9
2.0 STAÐHÆTTIR OG MARKMIÐ	10
2.1 UPPTÖKUSVÆÐI HEILBRIGÐISSTOFNUNAR OG HÆTTA Á LÝÐHEILSUÓGN INNAN SVÆÐISINS	11
3.0 SKILGREININGAR (VIRKJUN OG HÁSKASTIG)	14
3.1 VIRKJUN ÁÆTLUNARINNAR	14
3.2 FLOKKUN ALMANNAVARNASTIGA.....	16
4.0 BOÐUN	17
4.1 TENGL ÁÆTLANA HEILBRIGÐISSTOFNANA VIÐ AÐRAR VIÐBRAGÐSÁÆTLANIR.....	18
5.0 STJÓRNKERFI	20
5.1 GRUNNEININGAR, HLUTVERK OG TENGINGAR STJÓRNKERFISINS	21
5.2 SKIPULAG ALMANNAVARNA	22
5.3 VERKÞÁTTASTJÓRAR.....	23
5.4 STJÓRNSKIPULAG HEILBRIGÐISSTOFNANA INNAN SKIPULAGS ALMANNAVARNA	24
5.5 STJÓRNSKIPULAG VEGNA SÓTTVARNA	25
5.6 FJÖLMÍDLAR.....	26
5.7 FJÖLMÍDLATENGILL HEILBRIGÐISSTOFNUNAR	26
5.8 SÁLÆENN STUÐNINGUR OG ÁFALLAHJÁLP	27
6.0 STARFSSVÆÐI INNAN STOFNUNAR OG LÁGMARKSMÖNNUN	28
6.1 LÁGMARKSMÖNNUN STOFNUNAR.....	30
6.2 TALNING/SKRÁNING POLENDNA	30
7.0 VÖKTUN, ÁHÆTTUMAT, YFIRLIT YFIR VIÐBRÖGÐ OG BÚNAÐ	31
7.1 HÓPSLYS.....	31
7.2 NÁTTÚRUVÁ.....	31
7.3 BAKTERÍUR, VEIRUR, ÖNNUR SMITEFNI, EITRUN EÐA GEISLAVIRKNI	32
7.4 YFIRLIT YFIR VIÐBRÖGÐ HEILBRIGÐISSTOFNANA Í FARSÓTTUM	33
7.5 ROFINN REKSTUR HEILBRIGÐISSTOFNUNAR	35
7.6 BIRGÐAHALD INNAN HEILBRIGÐISUMDÆMA OG Á LANDSVÍSU	36
7.7 HLÍFÐARBÚNAÐUR Í UMSJÓN SÓTTVARNALÆKNIS.....	36
8.0 VERKEFNI STARFSFÓLKS - GÁTLISTAR	37
8.1 SVÆÐISLÆKNIR SÓTTVARNA (UMD/SVÆ - SVL)	38
8.2 VIÐBRAGÐSSTJÓRN HEILBRIGÐISSTOFNUNAR (VBS)	39
8.3 VAKTHAFANDI LÆKNIR.....	40
8.4 VAKTHAFANDI HJÚKRUNARFRÆÐINGUR Á HJÚKRUNARDEILD	41
8.5 NEYÐARSVEIT	42
8.6 SÍMAVAKT.....	43
8.7 VERKEFNASTJÓRI ÁFALLAHJÁLPAR	44
8.8 HJÚKRUNARDEILD	45
8.9 MÓTTÖKU- OG LÆKNARITARAR	46
9.0 SAMSKIPTALEIÐIR	47
9.1 GRUNNSKIPULAG FJARSKIPTA (TETRA)	47
10.0 KORT	50
11.0 DREIFINGARLISTI	51
12.0 BREYTINGASAGA	52
13.0 VIÐAUKAR	53

VIÐAUKI 13.1 LÖG OG REGLUGERÐIR.....	53
VIÐAUKI 13.2 GÁTLISTI VEGNA SJÚKLINGAMÓTTÖKU Í SJÚKDÓMSFARALDRI	53
VIÐAUKI 13.3 BRÁÐAFLOKKUN OG ÁVERKAMAT.....	54
VIÐAUKI 13.4 BÚNAÐUR NEYÐARSVEITAR.....	56
VIÐAUKI 13.4 LYF OG VÖKVI NEYÐARSVEITAR	56
VIÐAUKI 13.5 YFIRLITSKORT YFIR SÖFNUNARSVÆÐI SÝKTRA.....	57
VIÐAUKI 13.6 YFIRLITSKORT YFIR SÖFNUNARSVÆÐI SLASÆÐRA, HEILSUGÆSLA	58
VIÐAUKI 13.7 YFIRLITSKORT YFIR HSU HORNAFIRÐI, STARFSSVÆÐI OG GEYMSLA BÚNAÐAR	59

Formáli

Sóttvarnalæknir, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og Landspítali hafa samið þetta sniðmát að viðbragðsáætlun fyrir heilbrigðisstofnanir. Tilgangurinn með gerð þess er að heilbrigðisstofnanir geti nýtt sér það við gerð eigin viðbragðsáætlana og að það jafnframt stuðli að auknum gæðum viðbragðsáætlana. Heilbrigðisstofnanir eru misstórar og starfsemi mismunandi, því þarf að laga sniðmátið að hverri stofnun fyrir sig.

Samkvæmt 15. grein laga um almannavarnir nr. 82/2008 ber ráðuneytum og undirstofnunum þeirra að gera viðbragðsáætlanir sem skulu undirritaðar og staðfestar af réttum yfirvöldum.

Ábyrgð á viðbragðsáætlun er á höndum stjórnar viðkomandi heilbrigðisstofnunar og eftirliti með innihaldi þeirra og gildistíma er sinnt af Embætti landlæknis.

Viðbragðsáætlanir eru vistaðar á opnum vef heilbrigðisstofnana.

Markmið með gerð þessa sniðmáts er að það verði verkfæri starfsmanna heilbrigðisstofnana við gerð viðbragðsáætlunar til skipulagningar og samhæfingar vinnubragða í þeim tilgangi að lágmarka, eftir því sem við verður komið, líkamstjón eða annan skaða og aðstoða þolendur vegna atviks sem krefst viðbragða sem er umfram daglegar verkskyldur stofnunarinnar.

Skammstafanir

112	Samræmd neyðarsímsvörun fyrir Ísland
AHS	Aðhlyningarstjóri
AST	Aðgerðastjórn/-stjóri
Avd-RLS	Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
BF	Biðsvæði flutningatækja
BH	Biðsvæði hjálparliðs
BTB	Biðsvæði tækja og búnaðar
ECDC	Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (<i>European Centre for Disease Prevention and Control</i>)
EU-HSC	Nefnd um heilbrigðisöryggi á vegum Evrópusambandsins (<i>Health Security Committee of EU</i>)
EWRS	Vöktunar- og viðbragðskerfi Evrópusambandsins (<i>Early Warning and Response System</i>)
FMR	Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra
GR	Geislavarnir ríkisins
HTC	Afkastageta heilbrigðisstofnunar (<i>Hospital Treatment Capacity</i>)
ID-nefnd	Kennslanefnd (<i>Identification nefnd</i>)
IHR	Alþjóðaheilbrigðisreglugerðin (<i>International Health Regulations</i>)
IL	Innri lokun
JRCC	Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar
LHG	Landhelgisgæslan
EL	Embætti landlæknis
L og B	Verkþátturinn Leit og Björgun
LSH	Landspítali
LÞ	Lendingarsvæði fyrir þylur
MAST	Matvælastofnun
MÓT	Móttökustaður bjarga á slysavettvangi
NCC	Samhæfingarstöðin (<i>National Coordination Centre</i>)
RKÍ	Rauði krossinn á Íslandi
RLS	Embætti Ríkislögreglustjóra
S og F	Verkþátturinn sjúkra- og fjöldahjálp
SÁBF	Stjórnun-Áætlun-Bjargir-Framkvæmd, meginverkþættir verkþáttaskipurits neyðarstjórnunar
SAK	Sjúkrahúsið á Akureyri
SL	Slysavarnafélagið Landsbjörg
SLY	Slysstaður, svæði afmarkað með innri lokun
-SÓTT	Mengaður vettvangur (eitur, smit, geislavirkni, óþekkt orsök)
SSA	Söfnunarsvæði aðstandenda á slysavettvangi
SSL	Söfnunarsvæði látinna á slysavettvangi
SSS	Söfnunarsvæði slasaðra/þolenda á slysavettvangi
SSÚ	Söfnunarsvæði útsettra. Í sóttvarnaáætlunum eru útsettir nefndir þolendur og söfnunarsvæði er skipt í þrjú vinnusvæði, þ.e. vinnusvæði útsettra með einkenni og vinnusvæði útsettra án einkenna. Autt vinnusvæði er á milli þessara svæða til að hindra útbreiðslu
SST	Samhæfingarstöðin, Skógarhlíð 14, Reykjavík

SSUS	Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir
SVFD	Sýkla- og veirufræðideild
SVL	Sóttvarnalæknir
STJÓRNUN	Hluti af SÁBF (Stjórnandi á neyðartímum)
Tetra	Fjarskiptakerfi viðbragðsaðila (<i>Terrestrial Trunked Radio</i>)
Umd/svæ-SVL	Umdæmis- eða svæðislæknir sóttvarna
VETTANGUR	Slysstaður og þau svæði sem viðbragðsaðilar setja upp í kringum hann
VBS	Viðbragðsstjórn heilbrigðisstofnunar
VST	Vettvangsstjórn-stjóri
YL	Ytri lokun
WHO	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (<i>World Health Organization</i>)

Orðskýringar

Aðgerðastjórn (AST): Undir stjórn lögreglustjóra starfar aðgerðastjórn að samræmingu innan umdæmis. Við ógn er varðar lýðheilsu tekur umdæmislæknir sóttvarna sæti í AST. AST er bakland vettvangsstjórnar.

Alþjóðleg lýðheilsuógn (PHEIC): Bráð ógn við lýðheilsu sem varðar þjóðir heims (*Public Health Emergencies of International Concern*). Óvenjulegur atburður sem er skilgreindur samkvæmt IHR sem hætta fyrir lýðheilsu vegna útbreiðslu sjúkdóma á milli landa og sem atvik sem getur útheimt samstillt, alþjóðleg viðbrögð.

Áhættumat: Mat á hættu. Greining áhættuþátta og mat á líkum á að tjón geti orðið. Ef líkur á tjóni eru taldar miklar er gripið til mótvægisáðgerða, s.s. birgðir auknar og skráð áætlun um fyrstu viðbrögð ef hættuástand skapast.

Áverkamat: Hluti af bráðaflokkunarkerfi. Framkvæmt af heilbrigðisstarfsmanni á söfnunarsvæði. Áverkamat gefur frekari upplýsingar um ástand þolenda á vettvangi.

Áætlanir: Hluti af SÁBF. Áætlanagerð við neyðarstjórnun.

Bjargir: Hluti af SÁBF. Bjargir eru mannskapur, búnaður og aðföng sem notuð eru í aðgerðum.

Bráðaflokkun: Bráðaflokkun er framkvæmd þegar fleiri eru slasaðir en þeir sem koma til hjálpar. Bráðaflokkun felur í sér að koma þeim fyrst til hjálpar sem mest þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda. Notaðir eru litakóðar til flokkunar.

Bráðamengun: Mengun sem verður skyndilega og krefst tafarlausra aðgerða.

Framkvæmd: Hluti af SÁBF. Framkvæmdir aðgerða og samskipti við slysstað.

Grundvallarsmitgát: Grundvallarvarúð gegn sýkingum, óháð uppruna, sem felur í sér rof smitleiða (m.a. handhreinsun og notkun viðeigandi hlífðarbúnaðar eftir því hvaða smitleið er um að ræða). Nánari upplýsingar um smitgát má finna á [vef Embættis landlæknis](#).

Lýðheilsuógn (*Public health risk*): Atvik sem getur haft skaðleg áhrif á heilbrigði hópa fólks og er þar sérstaklega átt við sjúkdóm eða mengun sem gæti skapað alvarlega og beina hættu.

Matarborinn sjúkdómur: Er matareitrun eða matarsýking sem berst í fólk með matvælum þ.m.t. neysluvatni.

Matareitrun: Er sjúkdómur af völdum eiturefna frá bakteríum, sveppum, eitruðum þörungum, eða af völdum annarra efna sem geta valdið eitrun sem berst með matvælum.

Matarsýking: Er sjúkdómur af völdum baktería, veira eða snýkjudýra sem berst með matvælum.

Meginreglur viðbúnaðar: Almenn bygging viðbrögð á fjórum meginreglum. Þær eru grenndarreglan, samkvæmnisreglan, sviðsábyrgðarreglan og samhæfingarreglan. Kjarni þeirra er þessi: *Grenndarreglan* segir fyrir um að æskilegt

er að áætlanagerð, forvarnir og viðbrögð séu að sem mestu leyti í höndum þeirra sem næst standa borgurunum, það er sveitarstjórnnum og svæðisbundnum fulltrúum ríkisins. *Samkvæmnisreglan* segir að best sé að byggja viðbrögð við hvers kyns vá á þeirri reynslu sem skapast í daglegum störfum viðbragðsaðila og því stjórnskipulagi sem stuðst er við í daglegum störfum. *Sviðsábyrgðarreglan* segir fyrir um að ábyrgð aðila breytist ekki eftir umfangi atburða og nauðsynlegum viðbúnaði vegna þeirra. Hver sinnir sínu hvort sem um er að ræða dagleg verkefni eða almannavarnaástand. *Samhæfingarreglan* segir til um að allir hafi skyldu til að vinna saman og samhæfa störf sín í víðum skilningi.

Opinberar sóttvarnaráðstafanir: Takmarkanir á ferðafrelsi, einangrun smitaðra, sóttþreinsun, sóttkví eða samkomubann.

Samhæfingarstöðin (SST): Stjórnstöð í Skógarhlíð 14, Reykjavík. Samræmir aðgerðir á landsvísu og er tengiliður við stofnanir utan umdæmis, stjórnvöld og erlenda aðstoð. Stöðin er einnig bakland aðgerðastjórnar innan lögreglu-/sóttvarnumdæmis.

Smitferja (Vector): Skordýr eða annað dýr sem að jafnaði ber með sér sýkil sem getur skapað hættu fyrir lýðheilsu.

Smitgeymir (Reservoir): Dýr, planta eða efni þar sem sýkill sem getur ógnað lýðheilsu hefst við að öllu jöfnu.

Sóttþreinsun (Disinfection): Aðgerðir til að halda sýklum á líkama manna eða dýra eða í eða á farangri, farmi, gámum, farartækjum, vörum og póstbögglum í skefjum eða eyða þeim með efnafræðilegum eða eðlisfræðilegum aðferðum.

Skordýraeyðing (Disinsection): Ferli þar sem gerðar eru heilbrigðisráðstafanir til að halda í skefjum, eða eyða skordýrum sem hafast við í farangri, farmi, gámum, farartækjum, vörum og póstbögglum og eru smitferjur fyrir sjúkdóma sem leggjast á menn.

Skráningarskyldir sjúkdómar: Með skráningarskyldu er átt við skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að senda sóttvarnalækni ópersónugreinanlegar upplýsingar um sjúkdómstilvik sem talin eru upp í reglugerð um skýrslugerð vegna sóttvarna nr. 221/2012.

Tilkynningarskyldir sjúkdómar: Með tilkynningarskyldu er átt við þá skyldu að senda sóttvarnalækni persónugreinanlegar upplýsingar um sjúkdómstilvik sem talin eru upp í reglugerð um skýrslugerð vegna sóttvarna nr. 221/2012.

Vettvangsstjórn (VST): Er stjórnað af vettvangsstjóra skipuðum af AST. VST stýrir úrlausnum á vettvangi með það að markmiði að koma á venjubundu ástandi. Verkbáttastjórar heyra undir VST.

Viðbótarsmitgát/einangrun: Einangrun sjúklings með grun um eða staðfest er að hann sé með smitandi örveru/farstöttarörveru. Einangrun skv. smitleiðum (snerti-, dropa- eða úðasmit eða samsettar smitleiðir).

1.0 Inngangur

Viðbragðsáætlun þessari er ætlað að segja fyrir um skipulag og stjórn aðgerða innan heilbrigðisstofnunarinnar í kjölfar atviks sem kallar á aukin viðbrögð starfsmanna stofnunarinnar. Áætlunin er unnin af Elínu Freyju Hauksdóttur, Ester Þorvaldsdóttur og Guðrúnu Döddu Ásmundardóttur.

Atvik getur verið af völdum slyss, náttúruhamfara, sjúkdómsfaraldurs, eiturs, mengunar eða af óþekktum uppruna.

Við gerð áætlunarinnar er stuðst við lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997, einnig reglugerð nr. 817/2012 er varðar sóttvarnaráðstafanir. Að auki styðst áætlunin við Alþjóðaheilbrigðisreglugerðina (IHR-2005) og *Strategic framework for Emergency preparedness*, WHO-2017.

Viðbragðsáætlun *HSU Hornafirði* er ætlað að vera til leiðbeiningar um viðbragðsáætlanagerð *HSU hornafirði* en ekki er um endanleg fyrirmæli að ræða.

Ábyrgð á áætlun þessari er á höndum stjórnar heilbrigðisstofnunar og hefur áætlunin verið send til umsagnar og samþykkt af sóttvarnalækni, almannavarnanefnd *Hornafjarðar* og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Áætlunin skal endurskoðuð a.m.k. á fimm ára fresti, en yfirfarin árlega t.d. hvað varðar boðleiðir, gátlista og starfssvæði innan stofnunar. Ef miklar breytingar verða á starfsemi stofnunarinnar skal áætlunin þegar í stað endurskoðuð.

Áætlunin er vistuð á opinni vefsíðu *HSU Hornafirði* hsu.hornafjordur.is

Áætlun þessi tekur þegar gildi.

Hornafjörður 21.08.2019

Elín Freyja Hauksdóttir

Ester Þorvaldsdóttir

Guðrún Dadda Ásmundardóttir

2.0 Staðhættir og markmið

Markmið viðbragðsáætlunar heilbrigðisstofnunar er eftirfarandi:

- Að tryggja skipulögð viðbrögð allra hlutaðeigandi aðila innan sem utan stofnunar.
- Að lágmarka eða fyrirbyggja, ef þess er kostur, áhrif atviks af hvaða toga sem er; slys/rofinn rekstur/smit/mengun/geislavirkni/náttúruvá/óvæntur atburður og vernda lýðheilsu og umhverfi.
- Að tryggja óskerta þjónustu til allra hlutaðeigandi.
- Að innleiða ákvæði IHR og tryggja upplýsingamiðlun innan stofnunar/samstarf innanlands og yfir landamæri.
- Að skapa samkvæmni í viðbrögðum við óútreiknanlegum aðstæðum.
- Að auðvelda ákvarðanatöku í bráðaáðstæðum.
- Að auka gegnsæi og uppfylla skilyrði samkvæmt lögum landsins.

Staðhættir stofnunar og helsta þjónusta:

HSU stendur við Víkurbraut 31. HSU er samsett stofnun með heilsugæslu og hjúkrunardeild. HSU Hornafirði er eina heilbrigðisþjónustan í sveitarfélaginu Hornafirði sem er þriðja stærsta sveitarfélag landsins, eða um 6280 km² að flatarmáli. Í sveitarfélaginu búa 2.323 manns (tölur frá 15/4 2018, þjóðskrá Íslands) og þar af flestir á Höfn og Nesjahverfi, lítill byggðarkjarni ca. 7 km fyrir utan Höfn. Næstu heilsugæslur eru á Kirkjubæjarklausti 200 km í vestur og Djúpvavogi 100km í austur. Báðar þessar heilsugæslur hafa minna viðbragð en HSU Hornafirði.

Helstu símanúmer við aðsteðjandi vá er:

- **Vaktlæknir 825 1913**
- **Afgreiðslan 470 8600** á opnunartímum

Einn vegur liggur að stofnuninni, Víkurbraut. Þyrlupallur er við enda Víkurbrautar.

Hornafjarðarflugvöllur er í ca. 5 km fjarlægð frá HSU. Áætlunarflug eru þar nánast daglega og einnig er hægt að manna völlinn fyrir sjúkraflug utan þess tíma. Verði Hornafjarðarflugvöllur ónothæfur er næsti malbikaði áætlunarflugvöllur á Egilsstöðum í austri og Bakka í vestri. Ómönnuð flugbraut er við Skaftafell í Örfum, ómalbikuð.

Á þjónustusvæði HSU Hornafjarðar er ein höfn, á Höfn. Þar er staðsett björgunarskip sem hefur verið nýtt í sjúkraflutninga frá nærliggjandi bátum og skipum.

Heimilisfang: Víkurbraut 31. 780 Hornafirði

Helstu byggingar stofnunar, aðsetur og aðkomuleiðir	Fjöldi rúma, fjöldi starfsmanna (miðgildi)	Þjónusta sem veitt er innan hverrar byggingar	Helstu símanúmer og netföng
Heilsugæsla og Hjúkrunardeild eru tengd með milligangi	Legurými 24 hjúkrunarrými 4 sjúkrasými 6 Dvalarrými	Sjúkrarými eru inni á hjúkrunardeild Dvalarrými eru í húsnæði beint á móti hjúkrunardeild.	
	Heilsugæslan 2 lækningar 3 hjúkrunarfræðingar 4 sjúkraliðar Læknaritari Móttökuritari	Bráðamóttaka er inni á heilsugæslu, sjúkrabílaíngangur er vinstra megin við aðalinngang.	Afgreiðslan 470 8600 Vaktlæknir 1700 112 Sími læknis 825 1913
	Hjúkrunardeildin 4,6 hjúkrunarfræðingar 16,8 almenn umönnun þar með taldir sjúkraliðar Læknar frá heilsugæslu		Hjúkrunardeild 470 8632
Fjöldi sjúkrabifreiða og staðsetning	2 sjúkrabílar Víkurbraut 30 2 menn á bakvakt 9 menn taka vaktir		Vaktstjóri sjúkrabíla Friðrik Jónas Friðriksson 893 0693

Tafla 2.1. Staðhættir og almennar upplýsingar um heilbrigðisstofnunina

2.1 Upptökusvæði heilbrigðisstofnunar og hætta á lýðheilsuógn innan svæðisins

Í þessum kafla er gerð grein fyrir aðstæðum og helstu hættum innan upptökusvæðis stofnunar samkvæmt áhættuskoðun almannavarna árið 2011. Kort er að finna í kafla 10.

Fjöldi íbúa innan upptökusvæðis og helstu þéttbýliskjarnar	2.232 íbúar með fasta búsetu. Höfn og Nesjahverfi eru helstu þéttbýliskjarnar
Meðaltalsfjöldi ferðamanna innan upptökusvæðis og helstu ferðamannastaðir	Árið 2018 heimsóttu um 950.000 ferðamanna Austur-Skaftafellssýslu, þar af 535 þúsund á vetrarmánuðum (sept-maí) og 415 þúsund á sumarmánuðum (júní-ágúst). Það gerir um 4511 manns hvern sumardag og um 1960 manns á hverjum vetrardegi.

	<p>Helstu ferðamannastaðir:</p> <p>Vatnajökulsþjóðgarður, þar með talið Skaftafell, Jökulsárlón og snjósleða / jeppaferðri, jöklaferðir og íshellaferðir. Vinsældir aukast á öðrum jökullónum eins og Fjallsárlóni og Heiðnabergsjökullóni.</p> <p>Lónsöræfi</p>
Þekkt náttúruvá á upptökusvæði	<p>Eldgos og jarðskjálftar nálægt eldstöðvum.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Örafajökull - Bárðabunga - Holuhraun (gосsmengun) - Grímsvötn <p>Veðurofsi</p> <ul style="list-style-type: none"> - miklar rigningar og flóð - hvassviðri sem veldur sand– og grjótroki á þjóðvegi <p>Íshellar verða ótryggir og falla saman</p> <p>Sprungur á Vatnajökli, snjóflóð</p> <p>Hætta á skriðuföllum við Svínafellsjökul og Skriðunum</p>
Hætta á samgönguslysi á landi- helstu staðir	<p>200km af Þjóðvegi 1 og mikill fjöldi einbreiðra brúa.</p> <p>Stutt jarðgöng eru í gegnum Almannaskarð</p>
Hætta á samgönguslysi á sjó vegna skipaumferða	<p>Sjávarútvegur er mikill á Höfn</p> <p>Innsigling inn til Hafnar, Ósinn, er stór varasöm og erfið. Mikil skil geta verið á sjólagi innan og utan Óss.</p>
Hætta á samgönguslysi vegna flugumferðar (flugvellir)	<p>Hornafjarðarflugvöllur</p>
Lýðheilsuvá	<p>Heimsfaraldur, matarsýking, dýrasjúkdómar sem geta borist í menn, mengun s.s. klór eða gosmengun, öskufall, saurmengun og mengun í vatnsbólum.</p>

Lýðheilsuvá vegna hættulegra efna	Gosmengun frá eldstöðvum Sundlaug – klórgasmengun Fiskvinnsla - ammoniakleki
--	--

Tafla 2.2. Mannfjöldi innan upptökusvæðis heilbrigðisstofnunar og þekktar hættur

3.0 Skilgreiningar (virkjun og háskastig)

Hér er fjallað um aðdraganda virkjunar á mismunandi viðbúnaðarstigum. Áður en til virkjunar kemur þarf að kanna uppruna atviks og hugsanlegar afleiðingar. Gera þarf fyrsta áhættumat, sjá töflu 3.1 og meta hvort atvik geti verið ógn við lýðheilsu og/eða við starfsemi stofnunarinnar.

Nánar um uppruna atviks:

- Hópslys.
- Náttúruvá.
- Atvikið er af völdum eiturefna eða geislavirkra efna.
- Atvikið er af völdum baktería, veira eða annarra smitefna.
- Rofinn rekstur heilbrigðisstofnunar.
- Atvikið fellur ekki undir ofantaldar skilgreiningar.

3.1 Virkjun áætlunarinnar

Tilkynning um atburð sem kallar á virkjun stofnunarinnar skal umsvifalaust berast til vakthafandi læknis til ákvörðunar um stig viðbúnaðar, þ.e. ÓVISSUSTIG, HÆTTUSTIG eða NEYÐARSTIG.

Þegar vakthafandi læknir fær boð um virkjun þá:

1. Boðar viðbragðsstjórn (VBS) heilbrigðisstofnunar.

Viðbragðsstjórn

Staðgenglar viðbragðsstjórnar

Framkvæmdastjóri

Læknaritari

Framkvæmdastjóri lækninga

Læknir

Framkvæmdastjóri hjúkrunar

Hjúkrunarstjóri hjúkrunardeildar

2. Upplýsir samstarfsfólk um viðbúnað í gegnum sí mavakt eða eftir öðrum leiðum.
3. Bíður frekari upplýsinga og fyrir mæla frá viðbragðsstjórn heilbrigðisstofnunar.

Atvik	Spurningar er varða lýsingu, áhættumat og viðbrögð	Upplýsingaveitur
<p>Lýsing á atviki</p> <p>Uppruni og afleiðingar</p> <p>Áhrif talin lítil, miðlungs eða mikil</p> <p>Niðurstaða áhættumats segir til um virkjun áætlunar heilbrigðisstofnunar og almannavarnastig (óvissu-, hættu- eða neyðarstig)</p>	<ul style="list-style-type: none"> - Hvenær varð vart við atvik? - Er vitað hvenær atvik hófst? - Hvert er eðli atviks: Sly, náttúruvá, rofinn rekstur, smitefni, eiturefni, geislar eða ekki vitað? - Er atvikið þekkt eða óvenjulegt? - Hver er fjöldi þolenda? - Hversu margir eru með einkenni (hlutfall barna og fullorðinna) - Eru mannslíf í hættu? Hefur orðið dauðsfall vegna atviks? - Er til meðferð? - Stærð og einkenni vettvangs? - Við slys: Eru niðurstöður bráðaflokkunar komnar fram? - Við mengun: Getur mengun dreift yfir stórt svæði – mikil útbreiðsla? - Er þéttbýli í nágrenni vettvangs? - Við mengun, hver er alvarleiki veikinda af völdum mengunar? - Við smitefni, hver er smitstuðullinn og alvarleiki sýkingar og smithraði? - Eru áhættuhópar þekktir, t.d. börn, aldraðir? - Geta utanaðakomandi þættir haft áhrif, t.d. veðurfar? - Er þróun atviks alvarlegra en búast má við? - Eru til upplýsingar um svipað atvik á öðrum vettvangi? 	<p>Heimildir:</p> <p>Heilbrigðiseftirlit</p> <p>Heilbrigðisstarfsmenn</p> <p>Neyðarlínan</p> <p>Almannavarnir</p> <p>Erlendir samstarfsaðilar s.s. ECDC, EWRS</p>
Fyrstu viðbrögð	<ul style="list-style-type: none"> - Hafa fyrstu ráðstafanir þegar verið gerðar á vettvangi? - Þarf að auka viðbrögð án tafar? - Hvaða starfsmenn þarf að boða? - Þarf að kalla eftir hlífðarbúnaði? - Þarf að undirbúa sýnatöku frá fólki eða umhverfi? - Þarf að efla vöktun? - Þarf að undirbúa afkvíun/einangrun? - Þarf að undirbúa samráðsfund með starfsmönnum / viðbragðsaðilum? 	<p>Heimildir:</p> <p>Kallað eftir upplýsingum af vettvangi.</p>
Skilgreina eðli atviks	<ul style="list-style-type: none"> - <i>Við hópslys:</i> Niðurstaða bráðaflokkunar, aðstæður á vettvangi og þjóðerni - <i>Við náttúruvá:</i> Helstu afleiðingar fyrir lýðheilsu. (Flóð, öskufall o.s.frv.) - <i>Við rofinn rekstur heilbrigðisstofnunar:</i> Vatn, rafmagn, forföll starfsmanna - <i>Við smitefni:</i> Alvarleiki, smitleið og smitstuðull, meðgöngutími, meðferð, faraldsfræðileg staða? - <i>Við smitferju:</i> Uppruni, smitleiðir, áhrif á heilsu, magn. - <i>Við eiturefni/geislavirk efni:</i> Alvarleiki, möguleikar á dreifingu meðferð, móteitur, eiturvirkni, hvarfgirni, magn? - <i>Áhrif á lýðheilsu og umhverfi:</i> Möguleg dreifing yfir landamæri? - Er atvikið óvanalegt eða óvænt sem krefst aukinnar árvekni? 	<p>Heimildir</p> <p>Kallað eftir upplýsingum af vettvangi</p> <p>IHR - Viðauki 1</p> <p>IHR - Viðauki 2</p> <p>Leiðbeiningar WHO um notkun IHR - Viðauka 2</p>
<p>Fyrsta áhættumat</p> <p>Er áhætta fyrir lýðheilsu lítil, miðlungs eða mikil? Miðlungs- og mikil áhætta kallar á virkjun áætlunar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - Meta þarf alvarleika atviks - lítil, miðlungs eða mikil. - Er hægt að draga úr áhrifum þess? - Hvað getur heilbrigðisstofnun tekið á móti mörgum þolendum? (HSC) - Eru nægar birgðir innan stofnunar? - Eru starfsmenn til staðar til að sinna þolendum? - Getur heilsuváin náð til fleiri einstaklinga - valdið hrinu eða faraldri? - Getur heilsuváin náð útbreiðslu innan stofnunar? - Er hægt að sótthreinsa/afmenga vettvang? 	<p>Heimildir</p> <p>IHR - viðauki 1</p> <p>IHR - Viðauki 2</p> <p>Leiðbeiningar WHO um notkun IHR - Viðauka 2</p>
<p>Þarf að kalla eftir frekari aðstoð?</p> <p>Geta áhrifin teygst sig yfir landamæri og valdið alþjóðlegri lýðheilsuógn?</p> <p>Ef svarið er „já“ þá þarf SVL að tilkynna atvik til WHO.</p>	<ol style="list-style-type: none"> I. Varðandi slys þarf að taka tillit til niðurstöðu bráðaflokkunar, áverkamats, aldurs og þjóðernis þolenda (kalla til sendiráð). II. Varðandi sýkla þarf að taka tillit til smitdreifingar og smitstuðuls (R_0). III. Varðandi smitferjugeyma (vectors harbourage) þarf að skoða hvort þeir geta dreift sér innan heilbrigðisstofnunar og/eða tekið sér bólfestu. IV. Varðandi eiturefni og geislavirk efni þarf að taka tillit til þess hvort hægt er að hafa hemil á losuninni, losunarmagni afgangsefna, losunarleiðum og mögulegri mengun sem kann að hafa áhrif á aðliggjandi svæði. V. Hvaða umhverfisáhrif? 	<p>Heimildir:</p> <p>IHR - Viðauki 1</p> <p>IHR - Viðauki 2</p> <p>Leiðbeiningar WHO um notkun IHR - Viðauka 2</p>

Tafla 3.1. Drög að áhættumati - unnið upp úr áhættumati vegna sóttar

3.2 Flokkun almannavarnastiga

Almannavarnastig eru flokkuð eftir alvarleika, umfangi viðbúnaðar og þörf á forgangshraða viðbragðsaðila samkvæmt reglugerð nr. 650/2009. Stig alvarleika eru **óvissustig, hættustig og neyðarstig**. Áætlanir heilbrigðisstofnana taka mið af þessum stigum og stig er tilgreint við virkjun samkvæmt niðurstöðu fyrsta áhættumats um alvarleika atviks.

Til að styttu texta í kafla 8 hafa gátlistar fyrir hættustig og neyðarstig verið sameinaðir.

ÓVISSUSTIG

Upplýsingasöfnun, áhættumat

ÓVISSUSTIG, einkennist af atburðarás sem hafin er og ætla má að geti leitt til þess að öryggi fólks eða byggðar sé stefnt í hættu. Á þessu stigi hefst samráð milli viðbragðsaðila og almannavarna. Þegar upplýsingar um eðli atburðar eru óljósar skal virkja á óvissustigi þar til fram koma nægilegar upplýsingar til að ákveða um frekari virkjun viðbragðsáætlunar. Leitað er eftir frekari upplýsingum eða boðun staðfest áður en frekari viðbrögð eru ákveðin. Samhæfingarstöðin eða 112 getur beðið heilbrigðisstofnun um að virkja skv. óvissustigi.

Aukið samráð, upplýsingaöflun, miðlun upplýsinga, áhættumat í stöðugri endurskoðun.

HÆTTUSTIG

Viðbúnaður vegna hættu

HÆTTUSTIGI er lýst yfir ef upplýsingar leiða í ljós að alvarlegt slys eða önnur vá hefur orðið eða er yfirvofandi í umdæminu. Á þessu stigi er hluti eða öll starfsemi stofnunar virkjuð. Einnig getur Samhæfingarstöðin beðið heilbrigðisstofnun að virkja á hættustigi vegna hættu eða slysa í öðrum umdæmum.

Aukið samráð, upplýsingaöflun, miðlun upplýsinga, áhættumat í stöðugri endurskoðun.

NEYÐARSTIG

Neyðaraðgerðir vegna atburða/allsherjarútkall

NEYÐARSTIGI er lýst yfir vegna slyss eða annarrar vár sem þegar hefur átt sér stað. Á þessu stigi er öll starfsemi stofnunar virkjuð. Verkefni einkennast af tafarlausum aðgerðum til lífsbjargandi aðstoðar og viðleitni til að afstýra frekari slysum og varna frekara tjóni. Samhæfingastöðin getur beðið heilbrigðisstofnun um að virkja skv. neyðarstigi.

Aukið samráð, upplýsingaöflun, miðlun upplýsinga, áhættumat í stöðugri endurskoðun.

4.0 Boðun

Þegar upplýsingar berast sem gefa tilefni til að virkja áætlunina skal vakthafandi læknir eða hjúkrunarfræðingur meta ástandið og ákveða í samráði við viðbragðsstjórn heilbrigðisstofnunar, á hvaða stigi skuli unnið. Upplýsa skal starfsmenn stofnunar ásamt AST/AV-nefnd og eftir atvikum 112/SST.

Stjórnandi á hverjum tíma þarf að kalla eftir fyrstu upplýsingum samkvæmt töflu 3.1. á bls: 17

1. **Hvað gerðist?** Sly, farsótt, mengun, eitrun, geislun, náttúruvá, annað.
2. **Fjöldi** þolenda og ástand þeirra (bráðaflokkun og áverkamat).
3. **Hvar?** Staðsetning atburðar ef viðeigandi, bær, gata og þess háttar.
4. **Hver tilkynnir?** Nafn og staðsetning.
5. **Aðstæður á vettvangi.** Hættur, veðurfar, þéttbýli/strjálbýli, færð og fleira.

Afboðun ráðstafana

Um leið og ljóst er að ekki þarf allar þær bjargar sem virkjaðar eru samkvæmt áætluninni skal tafarlaust hefja afboðun.

Um leið og vakthafandi hjúkrunarfræðingur eða læknir fær tilkynningu um afboðun þá upplýsir hann VBS stofnunarinnar og starfsmenn.

Skráning í Bjargargrunn Neyðarlínunnar og boðun starfsmanna heilbrigðisstofnunar

Neyðarlínan 112 boðar þá sem skráðir eru í Bjargargrunn heilbrigðisstofnunar samkvæmt beiðni viðbragðsstjórnar hverju sinni, sjá mynd 4.1. Ábyrgðaraðili heilbrigðisstofnunar vegna skráningar í www.bjargir.is er eftirfarandi: Guðrún Dadda Ásmundardóttir, framkvæmdarstjóri

Eftirfarandi starfsmenn/stöður innan HSU Hornafirði fá boð á óvissustigi:

Vakthafandi læknir

Viðbragsstjórn HSU Hornafirði

Eftirfarandi starfsmenn/stöður innan HSU Hornafirði fá boð á hættustigi:

Vakthafandi læknir

Viðbragsstjórn HSU Hornafirði

Hjúkrunarfræðingar allir

Sjúkraflutningamenn allir

Eftirfarandi starfsmenn/stöður innan HSU Hornafirði fá boð á neyðarstigi:

Vakthafandi læknir

Viðbragsstjórn HSU Hornafirði

Hjúkrunarfræðingar allir

Sjúkraflutningamenn allir

Sjúkraliðar allir

Ófaglærðir starfsmenn hjúkrunardeildar – hringilisti á hjúkrunardeild

4.1 Tengsl áætlana heilbrigðisstofnana við aðrar viðbragðsáætlanir

Margar áætlanir geta verið virkjaðar á sama tíma og má telja líklegt að virkjun Landsáætlunar vegna heimsfaraldurs inflúensu kalli eftir virkjun viðbragðsáætlana heilbrigðisstofnana. Við virkjun hvefrrar áætlunar er tekin formleg ákvörðun þar að lútandi og ábyrgð færirst um leið yfir á þá aðila sem eru skráðir ábyrgðaraðilar samkvæmt hverri áætlun fyrir sig. Heilbrigðisstofnanir má virkja á öðru almannavarnastigi en aðrar einingar innan almannavarnakerfis, allt eftir eðli atburða.

Neyðaráætlanir vegna atvika af mannavöldum.

Ef um ólögmetan atburð er að ræða má virkja þessa áætlun og aðrar áætlanir lögreglu á sama tíma.

Leiðbeiningar vegna gruns um matarborinn sjúkdóm

Matarbornir sjúkdómar geta leitt til alvarlegra veikinda. Þegar grunur vaknar um matarborinn sjúkdóm þarf að staðfesta eða útiloka þann grun. Kanna þarf hvort fjöldi tilfella er hærrí en gera má ráð fyrir innan ákveðinna tímamarka og útiloka aðrar hugsanlegar skýringar á aukningunni. Upplýsingaskylda eykst, meta hvort um sé að ræða matarborna sjúkdómshrinu og sóttvarnalæknir ber ábyrgð á faraldsfræðirannsókn ef þörf er á. Sóttvarnalæknir kallar saman stýrihóp þegar athugun bendir til eða hefur leitt í ljós að um sé að ræða hrinu af matarbornum sjúkdómi og samvinna eykst samkvæmt [leiðbeiningum við rannsókn á matarbornum sjúkdómum](#) sem finna má á vef Embættis landlæknis og Matvælastofnunar.

Tengsl við hópslysaáætlanir og staðbundnar áætlanir almannaþarna

Avd-RLS birtir *viðbragðsáætlanir* á vef almannaþarna. Allar áætlanir innihalda sama stjórnskipulag þó viðbragðsaðilum á vettvangi geti fjölgað, www.almannavarnir.is

Skráid hér staðbundnar áætlanir sem eru í gildi innan umdæmis heilbrigðisstofnunarinnar.

Flugslysaáætlun Hornafjarðarflugvallar

Viðbragðsáætlun vegna hópslysa - Suðurland

Neyðarrýming vegna eldgoss í Örfajökli

Viðbragðsáætlun vegna eldgoss í Bárðabungu eða norðan Vatnajökuls

Viðbragðsáætlun vegna eldgoss undir Mýrdalsjökli

Landsáætlun um heimsfaraldur influenzu

Flugslysaáætlun Egilsstaðafflugvallar

Tengsl við viðbragðsáætlanir sóttvarna

Sóttvarnalæknir virkjar viðbragðsáætlanir sóttvarna og innihalda þær sama stjórnskipulag og viðbragðsáætlanir hópslysa. [Sóttvarnaáætlanir](#) eru vistaðar á vef Embættis landlæknis (EL).

Skráirð hér staðbundnar áætlanir sem eru í gildi innan umdæmis heilbrigðisstofnunarinnar.


Viðbragðsáætlun sóttvarna-hafnir og skip

Tengsl við áætlanir vegna bráðamengunar:

Ef bráðamengun er talin valda lýðheilsuógn þá er hlutaðeigandi áætlun vegna bráðamengunar virkjuð og getur það kallað eftir virkjun viðbragðsáætlunar heilbrigðisstofnunar. [Áætlanir vegna bráðamengunar](#) eru vistaðar á vef Umhverfisstofnunar (UST).

Áhættumat vegna bráðamengunar og viðbragðsáætlun – Urðunarstaður á mel í landi Fjarðar í Lóni

5.0 Stjórnkerfi



Mynd 5.1 Boðleiðir og stjórnkerfi í almannavarnaástandi, ógn er varðar lýðheilsu

5.1 Grunneiningar, hlutverk og tengingar stjórnkerfisins

Almannavarna- og öryggismálaráð

Stefna stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum er mörkuð af almannavarna- og öryggismálaráði til þriggja ára í senn. Í almannavarna- og öryggismálastefnu stjórnvalda er gert grein fyrir ástandi og horfum í almannavarna- og öryggismálum í landinu, fjallað um áhersluatriði varðandi skipulag almannavarna- og öryggismála, forvarnastarf, nauðsynlega samhæfingu á efni viðbragðsáætlana og starfsemi opinberra stofnana á því sviði, nauðsynlegar birgðir til þess að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættutímum, endurreisn eftir hamfarir og aðrar aðgerðir sem ráðið telur nauðsynlegar.

Í almannavarna- og öryggismálaráði eiga sæti sá ráðherra sem fer með málefni almannavarna- og öryggismálaráðs, sem jafnframt er formaður þess, ráðherra er fer með málefni almannaöryggis, ráðherra er fer með málefni mengunarvarna, ráðherra er fer með heilbrigðismál, ráðherra er fer með orkumál og ráðherra er fer með varnarmál og samskipti við önnur ríki.

Þar að auki er þeim ráðherra er fer með málefni almannavarna- og öryggismálaráðs heimilt að kveðja allt að tvo ráðherra til setu í ráðinu í senn vegna sérstakra mála.

Einnig eiga ráðuneytisstjórar þeirra ráðuneyta sem fara með málaflokka samkvæmt 2. mgr. sæti í almannavarna- og öryggismálaráði.

Þá eiga einnig sæti í ráðinu:

1. Ríkislögreglustjóri, forstjóri Landhelgisgæslu Íslands, forstjóri Pósts- og fjarskiptastofnunar, forstjóri Samgöngustofu og forstjóri Vegagerðarinnar.
2. Veðurstofustjóri, forstjóri Mannvirkjastofnunar og forstjóri Umhverfisstofnunar.
3. Landlæknir, sóttvarnalæknir og forstjóri Geislavarna ríkisins.
4. Orkumálastjóri og forstjóri Landsnets.
5. Fulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar.
6. Fulltrúi Rauða krossins á Íslandi.
7. Fulltrúi samræmdrar neyðarsvörunar.

Að auki skipar sá ráðherra er fer með málefni almannavarna- og öryggismálaráðs tvo fulltrúa til setu í ráðinu samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga er sameiginlegur málsvari sveitarfélaga í landinu. Sveitarstjórnir fara með almannavarnir í héraði í samvinnu við ríkisvaldið. Sveitarfélögin reka heilbrigðiseftirlit skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heilbrigðiseftirlitssvæðin eru 10 talsins og hver heilbrigðisnefnd vinnur fyrir fleiri sveitarfélög, nema að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur vinnur eingöngu fyrir Reykjavíkurborg. Heilbrigðisnefndir hafa með sér samstarf á vettvangi Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi.

Rekstur slökkviliða er einnig á forræði sveitarfélaga. Atvinnuslökkvilið eru fjögur og hjá þeim er sólarhringsvakt. Þau eru staðsett á Suðurnesjum, á Akureyri, í Fjarðabyggð og á höfuðborgarsvæðinu. Þau sinna meðal annars viðbúnaði við mengunaróhöppum á landi, atvinnuslökkvilið geta ekki yfirtekið hlutverk annarra slökkviliða nema um það sé gerður skriflegur samningur.

5.2 Skipulag almannavarna

Ríkislögreglustjóri annast málefni almannavarna í umboði dómsmálaráðherra og starfrækir almannavarnadeild, sem vinnur að verkefnum á sviði almannavarna, en ríkið fer með almannavarnir á landinu öllu, hvort heldur sem er á landi, í lofti eða á sjó. Ríkislögreglustjóri hefur umsjón með að ráðstafanir séu gerðar í samræmi við stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum í samræmi við lög um almannavarnir nr. 82/2008. Samkvæmt 11. grein sömu laga er það hlutverk lögreglustjóra að fara með stjórn almannavarna þegar almannavarnaástand ríkir, hver í sínu umdæmi og skulu þeir starfa með almannavarnanefndum sem sveitarstjórnir skipa. Landinu er skipt upp í níu lögregluumdæmi samkvæmt reglugerð nr. 1150/2014.

Samhæfingarstöðin (SST)			
<p>SVL og avd-RLS eru stjórnendur SST ef atvik er á landi en samhæfing á sjó er á ábyrgð LHG. Verkefni SST eru að halda uppi virku sambandi við AST umdæma, skipuleggja stuðning, útvega bjargir samkvæmt beiðni og stýra heildarsamhæfingu. SST myndar samband við þær ríkisstofnanir sem veita aðstoð, heilbrigðisstofnanir og erlendar stofnanir. SST virkjar samráðshóp áfallahjálpar. SST vinnur samkvæmt SÁBF verkþáttaskipuriti.</p>			
Aðgerðastjórnir (AST)			
<p>Lögreglustjóri er aðgerðastjóri innan umdæmis. Hann og umdæmis-/svæðislæknir sóttvarna eru aðgerðastjórnendur við atvik sem talin eru geta valdið lýðheilsuógn. Verkefni AST eru stjórn, samhæfing, upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun. Stuðningur við vettvangsstjóra. AST tryggir hnökralaus samskipti við alla hlutaðeigandi. AST vinnur samkvæmt SÁBF verkþáttaskipuriti. AST aflar bjarga innan umdæmis og skipuleggur flutning slasaðra/sjúkra innan umdæmis.</p>			
Vettvangsstjórn (VST)			
<p>Stjórn og samhæfing á vettvangi samkvæmt verkþáttaskipuritinu SÁBF. Vettvangsstjóri er tilnefndur af lögreglustjóra. VST sinnir upplýsingamiðlun til AST og er bakland fyrir verkþáttastjóra. Kallar eftir nauðsynlegum björgum á vettvang. VST tryggir hnökralaus samskipti/fjarSKIPTI við alla aðila innan skilgreinds vettvangs.</p>			
Verkþáttastjórar			
Stýra og samhæfa verkþætti á vettvangi í samvinnu við VST.			
Aðhlyningarstjóri	Gæslustjóri	Flutningastjóri	Björgunarstjóri - SÓTT
Heilbrigðisstofnun tilnefnir	Lögreglustjóri umdæmis tilnefnir	Svæðisstjórn SL/ Sjúkraflutningar tilnefna	Slökkviliðsstjóri sveitarfélags tilnefnir

Tafla 5.1 Skipulag almannavarna, SST, AST og VST. Verkefni á hverju stjórnstigi

5.3 Verkpáttastjórar

Á hverju starfssvæði og við hvern verkþátt starfa margir viðbragðsaðilar. Verkpáttastjórar eru millistjórnendur sem stýra og samhæfa verkþætti á vettvangi í umboði vettvangsstjóra.

Verkpáttastjórar	Aðilar sem skipa verkþáttastjóra	Vinnusvæði
Aðhlyningarstjóri	Viðbragðsstjórn heilbrigðisstofnunar	Við söfnunarsvæði SSS
Gæslustjóri	Lögregla umdæmis	Hreyfanlegur
Flutningastjóri	Svæðisstjórn björgunarveita	Hreyfanlegur
Björgunarstjóri SÓTT	Fulltrúi slökkviliðs	Hreyfanlegur

Fyrstu verk allra verkþáttastjóra eru að:

- Hafa samband við VST og fá fyrirmæli.
- Fá yfirsýn yfir bjargir (mannskap og tæki) sem eru til reiðu.
- Kalla eftir frekari björgum ef á þarf að halda.
- Skipa undirstjórnendur og miðla verkefnum.
- Ítreka grundvallarsmitgát og kalla eftir leiðbeiningum frá SVL ef um er að ræða atvik af völdum baktería, veira, smitsjúkdóma, smitefna, eiturefna eða af óþekktum orsökum.

Aðhlyningarstjóri (AHS) stjórnar og samhæfir þjónustu við þolendur

Helstu verkefni:

- Undirbúa og bera ábyrgð á uppsetningu og starfsemi SSS.
- Setja upp starfsstöðvar innan SSS (áhættumat, rautt svæði, gult svæði, grænt svæði).
- Bera ábyrgð á áverkamati og umönnun slasaðra/sjúkra.
- Hafa umsjón með skráningu.
- Tryggja fjarskipti við fulltrúa heilbrigðismála í AST og SST.
- Tryggja fjarskipti/samskipti við viðbragðsstjórn (VBS) heilbrigðisstofnunar.

Gæslustjóri stjórnar og samhæfir umferðarstjórn á vettvangi og verndun og gæslu allra starfssvæða á vettvangi. Ber ábyrgð á lokun svæðis, talningu þolenda, akstursskipulagi og SSL. Nánar í [Handbók - heilbrigðisþjónustan og almannavarnir](#).

Flutningastjóri stjórnar og samhæfir starfsemi á móttökustað, biðsvæðum og nýtingu flutningatækja. Hann hefur umsjón með framkvæmd sjúkraflutninga. Nánar í [Handbók - heilbrigðisþjónustan og almannavarnir](#).

Björgunarstjóri stýrir viðbrögðum í innri lokun og bráðaflokkun þolenda. Innan verkþáttarins starfar heilbrigðisstarfsfólk, lögregla og slökkviliðsmenn. Tryggir öryggi viðbragðsaðila og þolenda. Ber ábyrgð á hreinsun og sóttthreinsun. Nánar í [Handbók - heilbrigðisþjónustan og almannavarnir](#).

5.4 Stjórnskipulag heilbrigðisstofnana innan skipulags almannavarna

Þegar almannavarnakerfið er virkjað er mikilvægt að fylgja stjórnskipulagi almannavarna og nota samskiptaleiðir samkvæmt skráðu skipulagi. Frekari upplýsingar má finna í [Handbók - heilbrigðisþjónustan og almannavarnir](#)


Viðbragðsstjórn heilbrigðisstofnunar (VBS)

Framkvæmdastjóri skipar VBS sem ber ábyrgð á viðbragðsáætluninni. Helstu verkefni eru að skipuleggja viðbúnað og hafa yfirsýn yfir starfsemi, stýra og samhæfa aðgerðir innan heilbrigðisstofnunar og eiga samstarf við aðra viðbragðsaðila. Sendir neyðarsveit heilbrigðisstofnunar á vettvang ef þess er óskað og skipar AHS sem stýrir heilbrigðisþjónustu á vettvangi. VBS upplýsir AST og SST um framvindu og tryggir samskipti við AHS á vettvangi. Framkvæmdastjóri/staðgengill hans er formaður VBS. Mynd 5.2. lýsir staðsetningu viðbragðsstjórnar innan skipulags almannavarna.

Aðsetur VBS: HSU Hornafirði, Víkurbraut 31. Fundarsalur í norðurhluta heilsugæslu. Sími 470 8600.

Skipan VBS og staðgenglar:

Framkvæmdastjóri: <i>Guðrún Dadda Ásmundardóttir</i>	Staðgengill: Læknaritari Gunnhildur Imsland
Framkv.stjóri lækninga: <i>Elín Freyja Hauksdóttir</i>	Staðgengill: Læknir á vakt
Framkv.stjóri hjúkrunar: <i>Ester Þorvaldsdóttir</i>	Staðgengill: Framkv.stjóri hjúkrunardeildar Helena Bragadóttir



Mynd 5.2. Staðsetning VBS innan skipulags almannavarna

Gátlisti VBS vegna fjölmiðlasamskipta:

- Senda skal út fréttatilkynningu eins fljótt og auðið er til fjölmiðla í samráði við AST umdæmis.
- Tilnefna skal einn tengilið við fjölmiðla úr VBS.
- Ákvarða skal fasta reglubundna tíma til að senda út upplýsingar um gang mála.
- Ef nauðsyn krefur skal ákvarða stað innan heilbrigðisstofnunar þar sem fjölmiðlafólk getur komið og fengið upplýsingar um gang mála.
- Fylgjast með fréttum í fjölmiðlum frá atvikinu.

5.5 Stjórnskipulag vegna sóttvarna

Sóttvarnalæknir

Við Embætti landlæknis starfar sóttvarnalæknir sem ber ábyrgð á sóttvörnum í landinu samkvæmt lögum nr. 19/1997 undir yfirstjórn ráðherra. Hann skipuleggur og samræmir sóttvarnir og ónæmisaðgerðir um land allt, m.a. með útgáfu leiðbeininga. Ef tilkynningar til sóttvarnalæknis um yfirvofandi smitsjúkdóm eða aðra lýðheilsuógn skal hann þegar í stað gera heilbrigðisráðherra viðvart. Ráðherra ákveður að tillögu sóttvarnalæknis hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana, svo sem ónæmisaðgerða, einangrunar smitaðra, sóttthreinsunar, afkvíunar byggðarlaga eða landsins alls og takmörkunar á ferðafrelsi. Sóttvarnalæknir getur beitt slíkum vörnum til bráðabirgða án þess að leita heimildar fyrirfram, en hann skal upplýsa ráðherra jafnskjótt um ráðstafanir sínar. Heilbrigðisráðherra skipar sjö manna ráð, **sóttvarnaráð**, til fjögurra ára í senn. Sóttvarnalæknir er landstengiliður (*National Focal Point*) við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina og sem slíkur fær hann upplýsingar frá WHO ef hætta er á að lýðheilsuógnir af einhverjum toga séu yfirvofandi og ber honum að miðla þeim upplýsingum til þeirra stofnana sem við á. Á sama hátt miðlar hann upplýsingum um heilsufarsógnir sem verða á eða við Ísland sem geta haft áhrif á lýðheilsu á milli landa. Tímamörk eru á þessum tilkynningum.

Tímamörk vegna tilkynningar á atviki:

1. 24 klst. eru gefnar til að meta atvik eftir að ríkisstjórn Íslands hefur verið gert viðvart.
2. 24 klst. eru gefnar til að tilkynna um mögulega lýðheilsuógn ef það er talið nauðsynlegt.
3. 24 klst. eru gefnar til að tilkynna hugsanlega alþjóða lýðheilsuógn utan við eigin landamæri.

Tímamörk viðbragða við beiðnum/ábendingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO):

1. 24 klst. eru gefnar til að staðfesta móttöku á beiðni frá WHO.
2. 24 klst. eru gefnar til að safna lýðheilsuupplýsingum sem WHO óskar eftir.
3. 24 klst. eru gefnar til að ná samkomulagi við yfirmann WHO um hvort atvik sé alþjóðleg lýðheilsuógn áður en það er sent áfram til bráðanefndar IHR, sem metur stöðu atviksins.

Umdæmislæknar sóttvarna

Samkvæmt ákvörðun heilbrigðisráðherra (reglugerð nr. 387/2015) er Íslandi skipt upp í sjö sóttvarnaumdæmi. Ráðherra tilnefni yfirlækna heilsugæslustöðva samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis sem skulu vera ábyrgir fyrir sóttvörnum í sínu sóttvarnaumdæmi undir stjórn sóttvarnalæknis og nefnast þeir *umdæmislæknar sóttvarna*. Ber hann ábyrgð á framkvæmd sóttvarna í umdæminu í samvinnu við lögreglustjóra umdæmisins. Heimilt er samkvæmt sömu reglugerð að tilnefna fleiri en einn yfirlækni í hverju sóttvarnaumdæmi til að sinna sóttvörnum í samvinnu við lögreglustjóra svæða og nefnast þeir *svæðislæknar sóttvarna*. Þetta er gert í þeim tilgangi að aðlaga stjórnskipulag sóttvarna við lögregluumdæmi landsins sem eru níu talsins. Umdæmis- og svæðislæknar njóta aðstoðar lögreglufirvalda við framkvæmd sóttvarna.

Umdæmislæknir fyrir HSU er Hjörtur Kristjánsson, framkvæmdastjóri lækninga á HSU.

Svæðislæknir sóttvarna á Hornafirði er Elín Freyja Hauksdóttir, læknir á HSU Hornafirði.

Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir

Heilbrigðisráðherra skipar samstarfsnefnd um sóttvarnir (SSUS), en nefndin aflar nauðsynlegra gagna og hefur yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum til að meta og uppræta smithættu eða hættu sem stafar af dýrum, matvælum, starfsemi, vatni, skolplögnum, loftræstingu eða öðru sem getur dreift smitnæmum sjúkdómsvöldum, eiturefnum eða geislavirkum efnum sem ógna lýðheilsu. Í nefndinni sitja sóttvarnalæknir sem formaður, fulltrúar Matvælastofnunar (MAST), Geislavarna ríkisins (GR) og Umhverfisstofnunar (UST). Nefndin gefur þeim sem hafa eftirlit með dýrum, matvælum og umhverfi fyrirmæli um að grípa án tafar til nauðsynlegra aðgerða til að uppræta hættu af völdum smits, eiturefna eða geislavirkra efna.

5.6 Fjölmiðlar

Vönduð upplýsingamiðlun er mikilvæg þegar aðstæður skapast sem hugsanlega ógna lýðheilsu. Upplýsingum skal miðlað á skýran og markvissan hátt af ábyrgum aðilum. Atvik getur varðað fáa en atvik getur verið það stórt að allt samfélagið bíður skaða. Óvönduð upplýsingamiðlun getur kallað fram óþarfa skelfingu. Viðbragðsaðilar eru hvattir til að gera eigin áætlun um fjölmiðlasamkipti og notkun samfélagsmiðla þegar hætta steðjar að. **Áætlunin getur verið í formi gátlista þar sem fram komi: Einkunnarorð, ábyrgð, skilgreindir upplýsingafulltrúar, helstu verkefni og verkaskipting, tenglalisti með nöfnum, símanúmerum og netföngum viðbragðsaðila, aðferðir til miðlunar á upplýsingum.** Norsk almannavarnayfirvöld hafa gefið út vandaðan leiðarvísi er varðar upplýsingamiðlun í hamförum og er hann að finna hér: [Risiko- og krisekommunikasjon, 2014.](#)

Meginstarfseiningar sem koma að samskiptum við fjölmiðla er varðar upplýsingamiðlun þegar lýðheilsuógn steðjar eru Samhæfingarstöðin og aðgerðastjórnir umdæma í samvinnu við aðra sem málið varðar.

Upplýsinga- og fjölmiðlateymi ríkislögreglustjóra er starfrækt við Samhæfingarstöð almannavarna (SST) þegar þess er talin þörf og tekur stjórn SST ákvörðun um boðun fjölmiðlateymis. Hlutverk teymisins er að koma á framfæri upplýsingum til fjölmiðla, viðbragðsaðila og til almennings. Fjölmiðlateymi SST gerir tillögu að áætlun vegna upplýsingamiðlunar.

Við hvert atvik þarf að skilgreina hóp sem mikilvægt er að upplýsingar nái til (Dæmi: Aldraðir, barnafjölskyldur, ferðamenn, íbúar ákveðins svæðis) og finna bestu leið til að miðla upplýsingum (Dæmi: Vefur, sjónvarp, útvarp, dagblöð, samfélagsmiðlar, tölvupóstur, bæklingar). Að lokum þarf að kanna hvort einhver tími sólarhrings sé betri en annar til að koma upplýsingum á framfæri (Dæmi: Kvöldfréttir sjónvarps). Fjórar meginreglur viðbúnaðar gilda um fjölmiðlasamskipti, sjá orðskýringar á bls. 8.

Ef þörf er talin þar á, er fjölmiðlasetur starfrækt í nágrenni vettvangs undir stjórn almannavarna.

Við frétttaflutning skal sérstaklega hugað að hópum og einstaklingum sem ekki eiga auðvelt með að nálgast upplýsingar. Sjá nánar í [stefnu almannavarna – öryggismálaráðs ríkisins 2015-2017.](#)

5.7 Fjölmiðlatengill heilbrigðisstofnunar

Viðbragðsstjórn heilbrigðisstofnunar skipar fjölmiðlatengil ef þörf er talin þar á og sinnir hann upplýsingamiðlun til almennings og til þolenda af völdum atviks í samstarfi við AST umdæmis og SST hafi almannavarnaástandi verið lýst yfir.

Helstu upplýsingar sem fjölmiðlatengill VBS þarf að hafa í huga við:

- *Hópslys:* Fjöldi slasaðra, ástand og horfur, miðla upplýsingum um söfnunarsvæði aðstandenda og hvar aðstandendur geta nálgast frekari upplýsingar.
- *Sjúkdómsfaraldur:* Leiðbeiningar og fyrirmæli samkvæmt beiðni SVL er varðar einkenni og hvað ber að varast, hættu á smiti, smitleiðir, sóttkví og leiðir til að nálgast frekari upplýsingar. Efni frá SVL er vistað á www.influenza.is og www.landlaeknir.is
- *Mengun, eitrun, náttúruvá og atvik af óþekktum uppruna:* Leiðbeiningar og fyrirmæli samkvæmt beiðni SVL og AST er varðar einkenni, hvað ber að varast og leiðir til að nálgast frekari upplýsingar. Efni frá SVL er vistað á www.landlaeknir.is

5.8 Sálrænn stuðningur og áfallahjálpar

Rauði krossinn hefur umsjón með áfallahjálpar í skipulagi almannavarna á Íslandi í umboði samstarfsaðila og samkvæmt samkomulagi við ríkislögreglustjóra um hjálparlið almannavarna.

- Sálrænn stuðningur er sérhæfð þjónusta við fólk sem lendir í áföllum og byggir á viðurkenndum aðferðum til að bregðast við bráðum áfallastreituviðbrögðum og beinist að því að draga úr uppnámi og stuðla þannig að betri aðlögun eftir áfallið.
- Sálrænn stuðningur er afmarkaður, tímabundinn og með áherslu á forvarnir og mat á þörf fyrir frekari eftirfylgd. Þjónustan miðast við þroska og aldur hvers og eins og hefur svigrúm til að laga aðstoðina að mismunandi menningarheimum.
- Hugtakið áfall er hér notað yfir hættu sem ógnar lífi, limum eða viðurværi fólks sem og reynslu þeirra sem verða vitni að ofbeldi, líkamsáverkum eða dauða. Sálrænn stuðningur í skipulagi almannavarna er veittur af fagfólki og sérþjálfuðum sjálfboðaliðum.

Rauði krossinn á Íslandi hefur gefið út [bækling](#) á mörgum tungumálum er varðar sálrænan stuðning, viðbrögð og bjargir.

Samráðshópur áfallahjálpar innan SST

Samráðshópur áfallahjálpar innan SST er virkjaður þegar ástæða þykir til og fulltrúi Rauða krossins boðar fundi hópsins. Hlutverk hópsins er meðal annars:

- Að móta stefnu og gæta þess að besta þekking og úrlausnir á sviði áfallahjálpar endurspeglit í skipulagi áfallahjálpar á hverjum tíma.
- Að útbúa sérstaka gátlista fyrir samráðshópa í lögregluumdæmum.
- Að vinna með samráðshópum áfallahjálpar í lögregluumdæmum.

Samráðshópur áfallahjálpar innan sóttvarna- og lögregluumdæma

Samráðshópur áfallahjálpar í umdæmi er kallaður saman þegar tilefni þykir og fulltrúi Rauða krossins boðar fundi hópsins en allar einingar/stofnanir sem eiga fulltrúa í hópnum geta óskað eftir fundi. *VBS heilbrigðisstofnunar tilnefnir fulltrúa stofnunarinnar til setu í hópnum.*

Hlutverk samráðshópa áfallahjálpar innan umdæmis er meðal annars:

- Að stuðla að því að besta þekking og úrlausnir á sviði áfallahjálpar séu til staðar í umdæminu á hverjum tíma.
- Að sinna samhæfingu á sviði áfallahjálpar þegar almannavarnaástand ríkir.
- Að fylgja eftir verklagi samkvæmt gátlistum sem unnir eru af samráðshópi áfallahjálpar í SST.

Samráðshópur áfallahjálpar í umdæmi starfar með AST umdæmis og í samráði við samráðshóp áfallahjálpar innan SST. Heilbrigðisstofnun getur leitað til samráðshóps í umdæmi varðandi aðstoð við sálrænan stuðning til aðstandenda eða annarra þolenda.

Sálræn aðstoð fyrir viðbragðsaðila á starfssvæði HSU Hornafirði

Mikilvægi sálrænnar aðstoðar fyrir viðbragðsaðila er vel þekkt, verkefni þeirra geta verið verulega streituvaldandi. Til þess að einstaklingar innan viðbragðsaðila svæðisins geti vaxið og dafnað í starfi og

leyst krefjandi verkefni þegar á reynir er mikilvægt að stuðningur og úrvinnsla sé góð. HSU Hornafirði hefur haldið utan um sálræna aðstoð við viðbragðsaðila í kjölfar erfiðra bráðatilvika og mun gera svo áfram. Þessi aðstoð felur í sér:

- Félagastuðningur
- Stuttur viðrunarfundur í lok bráðatilviks
- Gefinn tími til tilfinningalegrar úrvinnslu einstaklingsins
- Annar viðrunarfundur 2-3 dögum eftir atburð, þó ekki síðar en eftir 2 vikur
- Fræðsla um sálræn og líkamleg viðbrögð og upplýsingar um úrræði við því
- Mat á alvarleika, áhættuþáttum og þörf fyrir frekari eftirfylgni

6.0 Starfssvæði innan stofnunar og lágmarksmönnun

Hér er fjallað um þau starfssvæði sem nota þarf þegar tekist er á við hvers konar vá. Húsnæði heilbrigðis-stofnunar skal að jafnaði notað samkvæmt lýsingu á starfssvæðiskorti stofnunar. Ljóst er að ekki reynist alltaf þörf fyrir að virkja öll svæðin. Þó þarf engu að síður að gera ráð fyrir þeim í viðbragðsáætlun stofnunarinnar. Merkja skal inn á kort staðsetningu neðangreindra starfssvæða eftir því sem við á og ákveðið hefur verið. Starfssvæðiskortinu skal dreift til viðeigandi aðila til að tryggja að réttar upplýsingar um staðsetningu berist sem fyrst. Öll kort og teikningar eru settar í kafla 10. Inn á kort og yfirlitsmyndir má setja tölur yfir lágmarksmönnun og mönnun við eðlilegar aðstæður.

Helstu starfssvæði (strokið út af listanum/bætið við og aðlagið að hlutaðeigandi stofnun), skráið frekari upplýsingar við hvert starfssvæði eftir því sem við á.

- Aðalinngangur**
 - Anddyri heilsugæslu
- Aðhlyning/biðsvæði innandyra**
 - SSS er á biðstofu heilsugæslu, rauðir og gulir í suðurálmum og grænir í norðurálmum.
 - Sjá kort af heilsugæslu, viðauki 13.6 á bls 59
- Aðkoma sjúkrabíla (að og frá)**
 - Aðkoma er aðalinngangur heilsugæslu
 - Fráflutningur rauðra og gulra er við enda suðurálmum
 - Fráflutningur grænna er við enda norðurálmum
- Aðsetur viðbragðsstjórnar (aðal og vara)**
 - Skrifstofa lækna- og heilsugæslu
 - Við stærri atvik sameinast aðgerðastjórn í Björgunarsveitahúsi
- Apótek, geymsla og móttaka lyfja**
 - Lyfjalager er í lyfjaherbergi á hjúkrunardeild
 - Lyf eru í lyfjaskáp á skiptistofu heilsugæslu
- Bráðamóttaka/móttaka slasaðra**
 - Við hópslys – aðalinngangur
 - Almennt – inngangur inn í suðurálmum heilsugæslu
- Búnaður greiningarsveitar og staðsetning hans**
 - Í anddyri suðurálmum á heilsugæslu, sjúkrabíla-inngang

- **Fæðingarstofur**
 - Í norðurálmum, vestur enda.
- **Lager, hjúkrunarvörur**
 - Hjúkrunar- og sjúkravörulager er á gangi í norðurálmum, austur enda
- **Legudeildir**
 - Hjúkrunardeild með 4 sjúkrarýmum við hlið heilsugæslu, gangur á milli
- **Móttaka aðfanga**
 - Inngangur inn á hjúkrunardeild, starfsmaður tekur á móti.
- **Móttaka aðstandanda**
 - Vísað á fjöldahjálpastöð RKÍ í Heppuskóla/Hafnarskóla
- **Móttaka farsóttasjúklinga og polenda eitrana/geislunar**
 - Söfnunarsvæði sýktra er í íþróttahúsinu Mánagarði í Nesjum, sjá viðauka 13.5 á bls 58
- **Móttaka og varsla látinna**
 - Við hópslys - Innsta herbergi í suðurálmum (vestast)
 - Líkhús er í kjallara Hafnarkirkju – tekur tekið mest 6 látna
- **Myndgreining**
 - Röntgen herbergi á heilsugæslu - suðurálma
- **Rannsóknarstofa**
 - Rannsókn er í suðurálmum heilsugæslu, fyrir miðju
- **Símavarsla**
 - Móttaka heilsugæslu
 - Vaktherbergi á hjúkrunardeild
- **Sjúkraþjálfun**
 - Húsnæði gengt heilsugæslu við Víkurbraut
- **Söfnunarsvæði utanhúss vegna rýmingar stofnunar**
 - Sjá rýmingaráætlun HSU Hornafirði
 - Söfnunarsvæði er í Ekrinni, samkomusal
- **Söfnungarsvæði sýktra**
 - Mánagarður, Nesjahverfi, sjá viðauka 13.5 á bls 58
 - Geymsla fyrir sorp og sóttmeingaðan úrgang sem og þvott við Mánagarð. Komið verður með kerru fyrir utan, úrgangur verður svo flutt beint á gámastöð / þvottahús.
- **Þyrlupallur**
 - Við norðurenda heilsugæslunnar, aðgengi frá Víkurbraut.
- **Önnur starfssvæði**
 - Læknasel í Hofgarði Öræfum
- **Geymsla O2, hættuleg efni**
 - Geymsla í suðurálmum, utangengt í austurenda
- **Geymsla fyrir sorp, sóttmengan eða geislavirkan úrgang**
 - Í geymslu við inngang inn í suðurálmum heilsugæslu
 - Geislavirkur úrgangur fer í kerru fyrir utan Mánagarð

6.1 Lágmarksmönnun stofnunar

Stofnunin þarf að áætla afkastagetu sína miðað við útbúnað, húsakost, daglega mönnun og hámarks-
mönnun og lágmarksmönnun (*HTC – hospital treatment capacity*). Ef skortur er á starfsfólki, eða ef styrkja
þarf tímabundið einhverja starfsemi getur þessi tafla nýst sem verkfæri.

Bygging /deild	Læknar Miðgildi/Lágmark	Hjúkr. fræðingar Miðgildi/Lágmark	Sjúkraliðar Miðgildi/Lágmark	Ljósmaður /geislafræðingar/ aðrar fagstéttir Miðgildi/Lágmark
Heilsugæslu	2/1	2/1	2/0	1/0
Hjúkrunardeild	1/1	2/1	2/1	0
Sjúkraflutningar				6/2
Heimahjúkrun		1/0	3/0	

Tafla 6.1 Greining á lágmarksmönnun heilbrigðisstofnunar

6.2 Talning/skráning þolenda

Ef þolendur eru margir, þá er notast við kerfi **bráðaflokkunar** en bráðaflokkunatöskur eru staðsettar í
farartækjum viðbragðsaðila, (viðauki 13.2 á bls. 54). Bráðaflokkun gefur yfirsýn yfir fjölda þolenda og
ástand þeirra.

Svæði	Skráning
Vettvangur	Bráðaflokkun framkvæmd af viðbragðsaðilum og fyrstu upplýsingum um ástand þolenda á vettvangi og fjölda miðlað til VST.
SSS/SSÚ	Þar fer fram áverkamat/fyrsta mat og þar fer fram talning á þolendum. Niðurstaða bráðaflokkunar gefur fyrstu yfirsýn yfir fjölda og ástand þolenda á vettvangi. Á SSS/SSÚ eru þolendur taldir við komu og við brottför af söfnunarsvæðinu. Við brottför af vettvangi er afrifa áverkamats afhent gæslustjóra á SSS/SSÚ.
SSL	Þar fer fram talning og skráning á látnum.
VST	Það er hlutverk VST að vinna úr skráningu og tryggja að staðsetning allra þolenda sé þekkt að aðgerð lokinni.

Tafla 6.2 Skráning/talning samkvæmt bráðaflokkun innan skipulags almannavarna

7.0 Vöktun, áhættumat, yfirlit yfir viðbrögð og búnað

Í þessari áætlun er áhættumat/hætta skilgreind samkvæmt þessum lista:

- Hópslys.
- Náttúruvá.
- Atvik af völdum eitrunar eða geislavirkni.
- Atvik af völdum baktería, veira eða annarra smitefna.
- Rofinn rekstur heilbrigðisstofnunar.
- Atvikið fellur ekki undir ofantaldar skilgreiningar.

7.1 Hópslys

Hópslys verða þegar síst skyldi og almennur viðbúnaður heilbrigðisstofnunar gildir fyrir hópslys. Í töflu 2.2 á bls. 13 koma fram upplýsingar um þekktar hættur á upptökusvæði HSU Hornafirði. Hópslysaæfingar eru haldnar á 2ja ára fresti og síðast árið 2017. Flugslysaæfing á vegum ÍSAVÍA verður næst 7/9 2019.

Neyðarlínan (112) móttækur tilkynningu um hópslys, aflar fyrstu upplýsinga og boðar því næst samkvæmt fyrirbyggjandi boðunarskrám. Hver heilbrigðisstofnun er ábyrg fyrir viðbúnaði vegna hugsanlegra hópslysa á upptökusvæði stofnunarinnar og metur eigin afkastagetu (HTC), sjá nánar í töflu 7.1.

Fjöldi slasaðra (Bráðaflokkun)	HTC stofnunar
Rauðir	0
Gulir	0
Grænir	6

Tafla 7.1 HTC HSU Hornafirði

7.2 Náttúruvá

Veðurstofa Íslands ber ábyrgð á vöktun vegna náttúruvá, birtir upplýsingar á www.vedur.is og gefur út aðvaranir ef aukin hætta er talin vera á ferð. Sóttvarnalæknir (SVL) ber ábyrgð á áhættumati við náttúruvá sem fellur samkvæmt lögum um sóttvarnir undir óvænta aburði sem geta valdið lýðheilsuógn. Hann ber ábyrgð á framkvæmd fyrsta áhættumats (sjá töflu 3.1 á bls. 16) í samvinnu við hlutaðeigandi umd/svæ-SVL og niðurstaða þess mótast fyrstu viðbrögð. Viðbrögð við náttúruvá fara eftir eðli atviks og hópslys getur verið ein afleiðing af náttúruvá eins og þekkt er eftir stóran jarðskjálfta. Öskufall er þekkt náttúruvá eftir gos í Eyjafjallajökli árið 2010 og í Grímsvötnum árið 2011. Sóttvarnalæknir og samstarfsaðilar hafa gefið út [leiðbeiningar til almennings er varða hættu á heilsutjóni vegna gosösku](#). Þegar öskufall er yfirvofandi á upptökusvæði heilbrigðisstofnunar eru þessum leiðbeiningum komið á framfæri.

Í töflu 2.2 á bls. 13 koma fram upplýsingar um þekkta náttúruvá á upptökusvæði HSU Hornafirði. Síðast varð náttúruvá árið 2017, flóð á Mýrum sem tók veginn í sundur á tveimur stöðum, sem gerði það að verkum að 16 bæjir voru innlíksa. Viðbúnaður fólst í:

- Almannavarnir voru virkjaðar, sett á hættustig
- Aðgerðastjórn virkjuð
- Lokun var sett á þjóðveg beggja vegna svæðis
- Haft samband við alla íbúa á innlíksa bæjum og kannað fjölda og ástand á fólki og hvort þeim skorti eitthvað, lyf eða annan varning.
- Þyrlla landhelgisgæslunnar fengin til að flytja fólk og varning inn og út af svæði

Eftir þessa reynslu var eftirfarandi gert til úrbóta:


- Tækjakostur í aðgerðastjórn var bættur
- Vegagerðin gerði miklar úrbætur á vegakerfi

7.3 Bakteríur, veirur, önnur smitefni, eitrun eða geislavirkni

Sóttvarnalæknir (SVL) ber ábyrgð á vöktun og greiningu smitsjúkdóma og heilsufarslegum áhrifum eitur- og geislavirkra efna. Fyrstu upplýsingar um atvik geta borist eftir mörgum leiðum til sóttvarnalæknis, en hann vaktar skráningar- og tilkynningarskylda sjúkdóma á Íslandi, auk þess sem hann fær upplýsingar frá erlendum samstarfsaðilum (Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni). Upplýsingar geta einnig borist frá öðrum heilbrigðisstarfsmönnum, heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga (HES), lögreglu, almenningi, fjölmiðlum, samfélagsmiðlum og jafnvel með orðrömi. Meta þarf hvert atvik og ákveða hvort fara skuli í frekari rannsóknir eða grípa þurfi til aðgerða. Þegar nægar upplýsingar liggja fyrir er hægt að framkvæma áhættumat (tafla 3.1. á bls. 16) sem mótar fyrstu viðbrögð. Mikilvægt er að áhættumat sé gert í samvinnu við hlutaðeigandi umd/svæ-SVL og einnig í samvinnu við aðra hlutaðeigandi aðila allt eftir eftir eðli atviks. Afla þarf upplýsinga um eðli, uppruna og umfang atviks, hvaða einkennum má búast við, fjölda útsettra, hvort vettvangurinn sé afmarkaður eða nái yfir stærra svæði og meta líkur á hvort mengun/eitrun muni breiðast út. Meta þarf hvort líkur séu á að atvikið geti haft áhrif yfir landamæri og möguleika sem eru fyrir hendi til að lágmarka skaðann.

Fyrsta áhættumat (tafla 3.1) er gert strax að lokinni fyrstu upplýsingaöflun, sjá mynd 7.1. Þegar fyrsta áhættumat liggur fyrir er mögulegt að skipuleggja frekari rannsóknir á atvikinu, segja fyrir um aðgerðir, virkja áætlun ef svo ber undir og ákveða almannavarnastig.

Eðli atburða er afar mismunandi og áhættumatið, sem leggur grunn að viðbrögðum er í stöðugri endurskoðun. Eðli sjúkdóms hefur mikil áhrif á áhættumat, t.d. væri ebóla alltaf talin alvarleg þrátt fyrir að aðeins einn eða fáir séu grunaðir um smit.



Mynd 7.1. Farsóttagreining og áhættumat (sjá töflu 3.1 á bls 16)

7.4 Yfirlit yfir viðbrögð heilbrigðisstofnana í farsóttum

Þegar hættu er á farsótt er skert á leiðbeiningum sýkingavarna, einangrunaraðstaða undirbúin ef þarf (einstaklings- eða hópeinangrun) og birgðastaða hlífðarbúnaðar og sóttþreinsiefna yfirfarin og bætt við eftir þörfum. Leiðbeiningar og fræðsla um yfirvofandi vá undirbúin, þ. á m. um notkun hlífðarbúnaðar. Leiðbeiningar sóttvarnalæknis er varða [sýkingavarnir innan heilbrigðisþjónustu](#) er að finna á vefsíðu Embættis landlæknis.

Á meðan farsótt geisar getur þurft að útbúa **Sjúklingamóttökur innan heilsugæslustöðva** (gátlisti í viðauka 13.1) sem stýra sýnatökum til greininga, gera áætlun um dreifingu lyfja, skipuleggja flutning lyfja/hjúkrunarvara og hlífðarbúnaðar innan umdæmis, meta sjúkdómstíffelli, skipuleggja almenna lækniþjónustu, heimasóttkví og heimavitjanir. Jafnframt þarf að draga úr annarri starfsemi eins og kostur er. Viðbrögð við sjúkdómsfaraldri eru kynnt öllum starfsmönnum.

Verkefni heilsugæslustöðva í farsótt /eitrun/ geislun	Verkefni sjúkrahúsa og legudeilda í farsótt	Aðrar deildir innan stofnunar: myndgreining, rannsókn, fæðingardeild
Upplýsingar til almennings um opnunartíma og símatíma vistaðar á vef stofnunar. Áætlun gerð um móttöku farsóttarsjúklinga samkvæmt gátlista í viðauka 13.5 á bls. 58. Gerð áætlun um eflingu símaþjónustu og benda á aðra hjálparsíma.	Áætlun gerð um móttöku og aðskilnað farsóttarsjúklinga frá annarri starfsemi Áætlun gerð um meðferð/aðgerðir, s.s. bólusetningar farsóttarsjúklinga.	Skilgreinið þær deildir sem verða fyrir auknu álagi og skráið þau verkefni sem verður mest þörf fyrir.
Fræðsla/fyrirmæli til almennings og fagfólks um sýkingavarnir og gang sjúkdóms. Upplýsingar vistaðar á vef stofnunar og hlekkur á vef SVL. Upplýsingar til fagfólks um skráningu og tilkynningarskyldu sjúkdóma vistaðar á innri vef, hlekkur á vef SVL. Farið yfir ICD 10 kóða og ICPC komukóða.	Fræðsla/fyrirmæli til almennings og fagfólks um sýkingavarnir og gang sjúkdóms. Upplýsingar vistaðar á vef stofnunar og hlekkur á vef SVL. Upplýsingar til fagfólks um skráningu og tilkynningarskyldu sjúkdóma vistaðar á innri vef, hlekkur á vef SVL. Farið yfir ICD 10 kóða og ICPC komukóða.	Fræðsla/fyrirmæli til almennings og fagfólks um sýkingavarnir og gang sjúkdóms. Upplýsingar vistaðar á vef stofnunar og hlekkur á vef SVL. Upplýsingar um mögulega takmörkun á þjónustu á meðan farsótt gengur yfir.
Ráðleggingar um afkvíun settar á vef stofnunar og hlekkur á vef SVL.	Áætlun gerð um aðra starfsemi, s.s. fæðingar og bráðaaðgerðir.	Áætlun gerð um þá starfsemi sem mest þörf verður fyrir.
Mönnunaráætlun gerð. Dregið úr verkefnum Heilsugæslu sem þola bið. Skólaheilsugæsla felld niður.	Mönnunaráætlun gerð og því hamlað að þeir sem sinna farsóttarsjúklingum fari á aðrar deildir. Dregið úr verkefnum sem þola bið.	Mönnunaráætlun gerð og reiknað með lágmarksmönnun vegna veikinda starfsfólks en um leið miklu álagi.
Áætlun gerð um heimavitjun og unnið skv. grundvallarsmitgát og viðbótarsmitgát/einangrun.	Áætlun gerð um útskriftir Unnið skv. viðbótarsmitgát/einangrun.	Áætlun gerð um viðbótarsmitgát/einangrun.
Áætlun gerð um meðferð látinna í heimahúsum.	Áætlun gerð um meðferð látinna á sjúkrastofnun.	-----
Gerður listi yfir nauðsynlegar hjúkrunarvörur, vökvabirgðir, lyf, súrefni og sérhæfð farsóttarlyf.	Gerður listi yfir nauðsynlegar hjúkrunarvörur, vökvabirgðir, lyf, súrefni og sérhæfð farsóttarlyf.	Hver deild gerir lista yfir nauðsynlegar vörur vegna starfseminnar.

Tafla 7.2. Yfirlit yfir verkefni heilbrigðisstofnana í farsóttum

7.5 Rofinn rekstur heilbrigðisstofnunar

Rekstur stofnunar getur raskast af mörgum ástæðum og afleiðingar eru misalvarlegar.

Hætta	Helstu mótvægisaðgerðir stofnunar, skráið hér:
Truflun í mikilvægum innviðum, rafmagn, vatn og hiti	Veitur og Rarik eru ábyrg samkv. lögum að veita þetta áfram. Varaafstöðvar í eigu sveitafélagsins verða nýttar hér samkv. viðbragðsáætlun Sveitafélagsins.
Farsótt/eitrun og fjöldi starfsmanna óvinnufær vegna veikinda	Starfsemi færð niður í lágmark, vaktþjónusta.
Truflanir í upplýsingakerfum	Ef tengin við Sögu kerfi rofnar eða er ótíltæk í einhvern tíma, yrði allar nýjar upplýsingar handskráðar og færðar inn síðar. Ef upplýsingar vantar úr eldri gögnum, er hægt að hafa samband við HSU Selfossi.
Truflanir í fjarskiptakerfum	Notast við aðrar fjarskiptaleiðir: farsíma, tetra talstöðvar, faxtæki. Aðalsími heilsugæslunnar og hjúkrunardeildar eru tengdir landlínu og haldast því inni þrátt fyrir rafmagnsleysi.
Truflanir á samgöngum að og frá stofnun	Ef Víkurbraut lokast er hægt að opna hjáleið inn á Vesturbraut. Ef ekki er hægt að komast til og frá stofnun vegna veðurs, yrði sóst eftir aðstoð björgunarsveitar og lögreglu.
Birgðir berast ekki til stofnunar	Haft yrði samband við lögreglu / björgunarsveit ef um neyðarástand sé að ræða.
Fleiri hættur	Helsta náttúruvá sem HSU Hornafirði gæti þurft að takast á við, er að samgöngur lamist vegna veðurofsa allt í kring. Hingað til hefur það ekki verið viðvarandi í marga daga. Stofnunin er háð aðkomu aðfanga og því gæti það komið sér illa ef veðurofsi tefði samgöngur í einhverja daga, meira en viku. Ef svo ólíklega vildi til, yrði starfsemin sett á neyðarstig og öll þjónusta í lágmark.

Tafla 7.3. Helstu hættur og mótvægisaðgerðir

7.6 Birgðahald innan heilbrigðisumdæma og á landsvísu

Neyðarbirgðir í umsjón heilbrigðisstofnunar:

Birgðir	Staðsetning	Ábyrgðaraðili
Lyf	Hjúkrunardeild	Guðrún Dadda / Helena
Hlífðarbúnaður	Heilsugæsla	Guðrún Dadda / Ester
Bóluefni	Heilsugæsla	Guðrún Dadda / Ester
Hjúkrunarvörur	Heilsugæsla	Guðrún Dadda
Annað ?		

Tafla 7.4. neyðarbirgðir/búnaður í umsjón HSU Hornafirði

Neyðarbirgðir í umsjón almannavarna eða annarra viðbragðsaðila innan umdæmis:

Birgðir	Staðsetning	Ábyrgðaraðili
Teppi	Björgunarfélag Hornafjarðar	Formaður
Rykgrímur og gleraugu	Björgunarfélag Hornafjarðar og Káraskjól í Örafum	Formenn
Hópslysakerra	Káraskjól Örafum	Formaður
	Hafnar flugvöllur	ÍSAVÍA
Fjöldahjálpar-kerra RKÍ	Káraskjól Örafum	RKÍ Hornafirði

Tafla 7.5. Neyðarbirgðir staðsettar innan heilbrigðisumdæmis

7.7 Hlífðarbúnaður í umsjón sóttvarnalæknis

Samkvæmt reglugerð um sóttvarnaráðstafanir nr. 817/2012 ber sóttvarnalæknir ábyrgð á varðveislu hlífðarbúnaðar sem hægt er að senda með stuttum fyrirvara þangað sem hans er þörf.

Um er að ræða einnota hlífar ætlaðar fólki til að verjast sýkingum og mengun: Hlífðarhanskar, hlífðargrímur (FFP2 og FFP3), hlífðarsvuntur, hlífðarsloppar, veiruheldir samfestingar og hlífðargleraugu.

Búnaðurinn er geymdur á höfuðborgarsvæðinu. Hafið samband við sóttvarnalækni í síma **510-1933** (sólárhingsvakt) eða með tölvupósti á netfangið svl@landlaeknir.is ef óskað er eftir búnaði.

8.0 Verkefni starfsfólks - gátlistar

Hér á eftir eru talin upp verkefni hverrar stöðu. Þeir aðilar sem hér eru taldir fram bera ábyrgð á upplýsingaflæði til sinna verkeininga.

- 8.1 Svæðislæknir sóttvarna (umd/svæ-SVL)
- 8.2 Viðbragðsstjórn (VBS)
- 8.3 Vakthafandi læknir
- 8.4 Vakthafandi hjúkrunarfræðingur
- 8.5 Neyðarsveit heilbrigðisstofnunar
- 8.6 Sí mavakt
- 8.7 Verkefnastjóri áfallahjálpar
- 8.8 Hjúkrunardeild
- 8.9 Móttöku- og lækningararar

8.1 Svæðislæknir sóttvarna (umd/svæ - SVL)

ÓVISSUSTIG

- Móttækur tilkynningu varðandi hugsanlega lýðheilsuógn. Kallar eftir aðstoð SVL og hefur samráð við lögreglustjóra umdæmis.
- Er í nánú samstarfi við vakthafandi lækni og aflar fyrstu upplýsinga um atvikið við grun um alvarlegan smitsjúkdóm eða atvik sem ógnar lýðheilsu innan heilbrigðisumdæmis
- Vinnur að faraldsfræðirannsókn og rakningu smitleiða í samvinnu við SVL og vakthafandi lækni heilbrigðisstofnunar.
- Gerir áhættumat (tafla 3.1 og mynd 7.1) í samvinnu við SVL (vaktsími 510-1933) og vakthafandi lækni.
- Ákvörðun um framhaldið tekin:
 - Atvik er ekki talið ógna lýðheilsu. Afboðun ráðstafana, ef svo ber undir, í samvinnu við SVL og lögreglustjóra umdæmis.
 - Atvik er talið ógn við lýðheilsu og viðeigandi áætlanir eru virkjaðar.

HÆTTUSTIG og NEYÐARSTIG

- Móttækur upplýsingar þar sem líklegt er talið, sterk vísbending eða staðfest að einstaklingur eða einstaklingar séu með alvarlegan smitsjúkdóm eða annað atvik sem ógnar lýðheilsu.
- Tekur sæti í AST og er faglegur yfirstjórnandi á staðnum í samvinnu við lögreglustjóra umdæmis. Samráð við SVL eftir þörfum.
- Vinnur að faraldsfræðirannsókn og rakningu smitleiða í samvinnu við SVL (vaktsími 510-1933) og vakthafandi lækni heilbrigðisstofnunar.
- Endurtekur áhættumat í samvinnu við SVL og vakthafandi lækni.
 - Metur þörf á afkvíun og einangrun einstaklinga.
 - Ber faglega ábyrgð á að einangrun sé framfylgt.
 - Afboðun ráðstafana eða frekari virkjun ef svo ber undir.
- Miðlar upplýsingum til hlutaðeigandi.

8.2 Viðbragðsstjórn heilbrigðisstofnunar (VBS)

ÓVISSUSTIG

- Kemur saman á skrifstofu lækna ritara og metur eðli og umfang atviks.
- Gefur fyrirmæli um viðbragðsstig innan stofnunar (óvissu-, hættu- og neyðarstig).
- Stjórn og samhæfingu viðbúnaðar og aðgerða á heilbrigðisstofnun.
- Lætur boða út skv. útkallslista eða óskar eftir boðun starfsmanna í gegnum Neyðarlínu.
- Samskipti, samráð og fjarskipti við AST/SST (sjá skipulag fjarskipta).
- Skipar fjölmiðlafulltrúa VBS sem ber ábyrgð á fjölmiðlasamskiptum í samráði við VBS.
- Skipar í neyðarsveit stofnunar og aðhlyningarstjóra (AHS) fyrir SSS.
- Fær upplýsingar um áfangastað neyðarsveitar og AHS frá AST/SST/112.
- Skipar fulltrúa í samráðshóp áfallahjálpar í umdæminu.
- Tryggir öryggisgæslu á heilbrigðisstofnun.
- Upplýsir stjórnendur lykileininga stofnunarinnar og fær upplýsingar um stöðu deilda.
- Tryggir skráningu atburða í tímaröð (aðgerðaskráningu).
- Skipar umsjónaraðila með SSA og SSL og með rýmingu stofnunar ef þörf krefur.
- Metur þörf og kallar inn viðbótar mannafla og búnað heilbrigðisstofnunar.
- Endurmetur viðbúnaðarstig samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum og sinnir afboðun.
- Fer yfir atburðarás ásamt starfsfólki og skilar skýrslu um atvik innan tveggja vikna til forstjóra.

HÆTTUSTIG og NEYÐARSTIG

- Kemur saman á skrifstofu lækna ritara og metur eðli og umfang atviks.
- Gefur fyrirmæli um viðbragðsstig (óvissu-, hættu- og neyðarstig).
- Lætur boða út skv. útkallslista eða óskar eftir boðun starfsmanna í gegnum neyðarlínu.
- Stjórn og samhæfingu viðbúnaðar og aðgerða á heilbrigðisstofnun.
- Metur þörf á beiðni fyrir utanaðkomandi aðstoð.
- Samskipti, samráð og fjarskipti við AST/SST/112 (sjá skipulag fjarskipta).
- Skipar fjölmiðlafulltrúa VBS sem ber ábyrgð á fjölmiðlasamskiptum í samráði við VBS.
- Skipar í neyðarsveit stofnunar og aðhlyningarstjóra (AHS) fyrir SSS.
- Fær upplýsingar um áfangastað greiningarsveitar og aðhlyningastjóra frá AST/SST/112, ef ekki þegar lokið af vakthafandi lækni eða hjúkrunarfræðingi.
- Tryggir öryggisgæslu á heilbrigðisstofnun.
- Upplýsir stjórnendur lykileininga stofnunarinnar og fær upplýsingar um stöðu deilda.
- Tryggir skráningu atburða í tímaröð (aðgerðaskráningu).
- Skipar umsjónaraðila með SSA og SSL og með rýmingu stofnunar ef þörf krefur.
- Metur þörf og kallar inn viðbótar mannafla og búnað heilbrigðisstofnunar.
- Lætur undirbúa móttöku þolenda.
- Lætur undirbúa útskrift inniliggjandi sjúklinga eftir þörfum og tryggir flutning þeirra.
- Virkjar starfssvæði fyrir móttöku aðstandenda.
- Annast samskipti við deildir, hefur yfirsýn yfir stöðu þeirra og miðlar upplýsingum á milli þeirra.
- Endurmetur viðbúnaðarstig samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum og sinnir afboðun.
- Kemur starfsemi heilbrigðisstofnunar í samt horf.
- Fer yfir atburðarás ásamt starfsfólki og skilar skýrslu um atvik innan tveggja vikna til forstjóra.

8.3 Vakthafandi læknir

ÓVISSUSTIG

- Mætir á heilbrigðisstofnun.
- Upplýsir samstarfsfólk og VBS um atburðinn.
- Fær upplýsingar um áfangastað neyðarsveitar og aðhlyningarstjóra frá AST

HÆTTUSTIG og NEYÐARSTIG

- Mætir á heilbrigðisstofnun.
- Upplýsir samstarfsfólk og VBS um atburðinn.
- Fær upplýsingar um áfangastað fyrir neyðarsveit og aðhlyningarstjóra frá AST
- Skipar starfsfólk í neyðarsveit og aðhlyningastjóra (ef VBS er ekki mætt).
- Undirbýr brottför þeirra í samráði við vakthafandi hjúkrunarfræðing.
- Skipar læknum í móttökuteymi með hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum og starfsmönnum.
- Metur hversu mörgum þolendum heilbrigðisstofnunarinnar getur tekið við, í samráði við vakthafandi hjúkrunarfræðing.
- Ákveður hvaða sjúklinga er hægt að útskrifa eða færa á milli deilda, í samráði við vakthafandi hjúkrunarfræðing og viðbragðsstjórn.
- Útskrifar sjúklinga og lætur flytja milli deilda skv. fyrra mati. Gert í samvinnu við vakthafandi hjúkrunarfræðing og VBS.
- Tekur á móti þolendum.
- Metur þörf á flutningi þolenda á aðrar heilbrigðisstofnanir og gefur fyrirmæli þar um í samvinnu við vakthafandi hjúkrunarfræðing og VBS.
- Gerir minnisblað um atvik innan viku og skilar til VBS.

8.4 Vakthafandi hjúkrunarfræðingur á hjúkrunardeild

ÓVISSUSTIG

- Mætir á heilbrigðisstofnun.
- Upplýsir vakthafandi lækni, yfirmann eða staðgengil um atburðinn.
- Sér til þess að samfelld sí mavakt sé á vaktherbergi þar til ritari tekur við á sí mavakt.

HÆTTUSTIG og NEYÐARSTIG

- Mætir á heilbrigðisstofnun.
- Upplýsir vakthafandi lækni, yfirmann eða staðgengil um atburðinn.
- Kallar út tvo hjúkrunarfræðinga í neyðarsveit og undirbýr brottför þeirra í samráði við yfirmann lækninga.
- Sér til þess að samfelld sí mavakt sé á vaktherbergi þar til ritari tekur við á sí mavakt.
- Fær læknaritara/starfsmann til að skrá alla atburði í tímaröð þar til VBS hefur tekið við skráningu.
- Raðar vakthafandi hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum og starfsmönnum í móttökuteymi með læknum.
- Metur hversu mörgum þolendum heilbrigðisstofnunarinnar getur tekið við, í samráði við vakthafandi lækni.
- Lætur hefja undirbúning á móttökusvæði heilbrigðisstofnunar.
 - Athuga sog og súrefni.
 - Athuga birgðir súrefniskúta.
 - Undirbúa hjólaborð með áhöldum fyrir teymi á móttökusvæðum þolenda.
 - Innrennslisvökva
 - Búnað fyrir uppsetningu á bláæðaleggjum.
 - Búnað fyrir blóðsýnatöku
 - Umbúðir og fleira
 - Yfirfara lín, annan búnað og aðstöðu á móttökusvæðum þolenda.
- Kannar stöðu sjúklinga, sem hægt er að útskrifa eða færa á milli deilda í samráði við vakthafandi lækni.
- Útskrifar sjúklinga og lætur flytja milli deilda skv. fyrra mati. Gert í samvinnu við vakthafandi lækni og VBS.
- Tilkynnir aðstandendum um væntanlega útskrift.
- Tekur á móti þolendum.
- Stýrir flutningi þolenda á aðrar heilbrigðisstofnanir í samvinnu við vakthafandi lækni og VBS.
- Gerir minnisblað um atvik innan viku og skilar til VBS.

8.5 Neyðarsveit

ÓVISSUSTIG

Neyðarsveitir hafa að öllu jöfnu ekki hlutverk á óvissustigi. Þó skal neyðarsveit Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fara í viðbragðstöðu á þessu stigi ef flugsys er yfirvofandi á Keflavíkurflugvelli og neyðarsveit LSH fer alltaf í viðbragðsstöðu á óvissustigi og sama gildir um flutningstæki hennar.

HÆTTUSTIG og NEYÐARSTIG

Mönnun

- Þriggja til fimm manna sveit, skipuð læknum, sjúkraflutingarmönnum og hjúkrunarfræðingum.
- Stjórnandi neyðarsveitar tilnefndur.
- Aðhlyningarstjóri tilnefndur.
- Mæta á fundarstað viðbragsstjórnar, skrifstofu læknaritara, á heilsugæslu.
- Fær upplýsingar um áfangastað frá 112/VBS.

Búnaður

- Sækir búnað neyðarsveitar á skiptistofu og undirbýr brottför.
 - Búnaður – sjá viðauka 13.4 á bls 57
 - Listi yfir lyf og vökva – sjá viðauka 13.4 á bls 57
 - Fjarskiptatæki – tetrastöðvar hjá læknaritara

Flutningur

- Fer á læknabíl á vettvang og starfar undir stjórn VST á vettvangi.

Stjórnandi neyðarsveitar

- Stjórnandi neyðarsveitar skipuleggur störf liðsmanna sveitarinnar í samvinnu við aðhlyningarstjóra.
- Tryggir að fjarskiptasambandi og samskipti sé komið á við eftirfarandi, (sjá mynd í fjarskiptakafla 7) í samvinnu við aðhlyningarstjóra: VBS/VST/AST og SST.
- Fylgist með að nóg sé af mannskap, búnaði og sjúkraflutningatækjum.

Aðhlyningarstjóri

- Stjórnar og samhæfir sjúkrahjálp á vettvangi og starfsemi á SSS.
- Hefur yfirumsjón með starfsemi á vettvangi sjá kafla 5.3.
- Stjórnandi neyðarsveitar og aðhlyningastjóri skila minnisblaði til VBS um atvik innan viku.

8.6 Síma vakt

ÓVISSUSTIG

Berist tilkynning um hópslys eða aðra vá frá utanaðkomandi aðila til síma vaktar skal umsvifalaust haft samband við vakthafandi lækni og viðbragðsstjórn.

- Kallar út starfsfólk skv. fyrirmælum vakthafandi læknis/hjúkrunafræðings/VBS.
- Tryggir síma vörslu heilbrigðisstofnunar.
- Bíður frekari upplýsinga og fyrirmæla frá VBS.

HÆTTUSTIG og NEYÐARSTIG

Berist tilkynning um hópslys eða aðra vá frá utanaðkomandi aðila til síma vaktar skal umsvifalaust haft samband við vakthafandi lækni og viðbragðsstjórn.

- Kallar út starfsfólk skv. fyrirmælum vakthafandi læknis/hjúkrunafræðings/VBS.
- Upplýsir samstarfsfólk um viðbúnaðarstig.
- Tryggir síma vörslu heilbrigðisstofnunar.
- Bíður frekari upplýsinga og fyrirmæla frá VBS.
- Síma vakt beinir fyrirspurnum:
 - Frá aðstandendum sjúklinga til starfsmanna áfallahjálpar (tilgreina síma númer, e.t.v. vísa á 1717 eða annað númer.
 - Frá fjölmiðlum til fjölmiðlatengils VBS.
- Gerir minnisblað um atvik innan viku og skilar til VBS.

8.7 Verkefnastjóri áfallahjálpar

ÓVISSUSTIG

- Verkefnastjóri hefur að öllu jöfnu ekki hlutverk á óvissustigi.

HÆTTUSTIG og NEYÐARSTIG

- Tekur sæti í samráðshópi áfallahjálpar í umdæminu.
- Skipuleggur og stýrir áfallaþjónustu innan stofnunar eða fær aðra til þess ef umfang er mikið
- Útdeilir verkefnum, hefur heildaryfirsýn og sér um samskipti við VBS.
- Skipuleggur umönnun og stuðning við ættingja látinna í samráði við stjórnanda viðkomandi deildar.
- Metur þörf á viðrun fyrir starfsfólk heilbrigðisstofnunar.
- Gerir minnisblað um atvik innan viku og skilar til VBS.

Verklok miðast að því að koma þeim einstaklingum sem tengjast atviki (sjúklingar/aðstandendur/sjónarvottar/hjálparaðilar) í réttan farveg undir stjórn samráðshóps áfallahjálpar í umdæmi.

8.8 Hjúkrunardeild

ÓVISSUSTIG

- Stjórnendur á legudeildum upplýsa sitt starfslið um viðbúnaðarstig.
- Bíða frekari upplýsinga og fyrirmæla frá VBS.

HÆTTUSTIG og NEYÐARSTIG

- Fá staðfest hjá viðbragðsstjórn að virkja skuli deildina.
- Stjórnendur á legudeildum upplýsa sitt starfslið um viðbúnaðarstig.
- Bíða frekari upplýsinga og fyrirmæla frá VBS.
- Láta kalla út:
 - Hjúkrunarfræðinga
 - Sjúkraliða
 - Annað starfsfólk
- Athuga hvaða sjúklingar geta útskrifast.
- Láta útskrifa sjúklinga eftir þörfum og tryggja eftirfylgd þeirra.
- Láta undirbúa stofur fyrir komur sjúklinga.
- Hafa yfirsýn yfir sjúklinga á deildinni (flæðisskráningarblað).
- Miðla upplýsingum til VBS.
- Stjórnandi gerir minnisblað um atvik innan viku og skilar til VBS.

8.9 Móttöku- og lækningaritarar

ÓVISSUSTIG

Ritarar hafa að öllu jöfnu ekki hlutverk á óvissustigi nema ritari VBS.

- Ritari VBS býður frekari upplýsinga og fyrirmæla frá VBS.

HÆTTUSTIG og NEYÐARSTIG

- Tilkynna öðrum riturum um viðbragðsstig skv. fyrirmælum VBS.
- Taka fram skráningarblöð og hópslysagögn fyrir sínar starfseiningar.
- Kalla út fleiri ritara samkvæmt fyrirmælum VBS.
- Einn ritari vinnur við flæðisskráningarblað á bráðamóttöku/móttökusvæði sjúklinga.
- Ritarar vinna venjubundin störf eða önnur verk samkvæmt ósk VBS.
- Bíða frekari upplýsinga og fyrirmæla frá VBS.

9.0 Samskiptaleiðir

Samkvæmt 12. gr. almannavarnalaga nr. 82/2008 er það hlutverk Samhæfingarstöðvarinnar að samhæfa aðgerðir á landsvísu og gagnvart æðstu stjórn landsins ásamt því að samhæfa aðgerðir stofnana og fyrirtækja. Draga ber úr álagi á símkerfið eftir því sem tæk eru á. Aðlagið eftirfarandi skipuriti fjarskiptum heilbrigðisstofnunarinnar og auðkennið tegund samskiptaaðferða, þ.e. sími, talstöð (TETRA, VHF o.frv.) ásamt talstöðvarásam og símanúmerum.

Skráðið sérstaklega samskiptaleiðir VBS innan stofnunarinnar.

9.1 Grunnskipulag fjarskipta (Tetra)

Í upphafi tilkynna allir viðbragðsaðilar sem eru á leið á vettvang sig inn á **BLÁR 8 - 0** og eru á þeim talhóp þar til fyrirmæli eru gefin um annað.


Fjarskipti milli helstu stjórneininga eru sem hér segir (mynd 9.1):

- Samhæfingarstöðin og Aðgerðastjórn eru með sín samskipti á **SST - BLÁR**
- Aðgerðastjórn - Vettvangsstjórn **AST - 8**
- Vettvangsstjórn - stjórnendur verkþátta **BLÁR 8 - 1, 2, 3 og 4**
- Innbyrðis fjarskipti innan einstakra verkþátta ákvarðast eftir aðstæðum (TETRA og VHF)
- Aðhlyningarstjóri er í sambandi við AST og SST varðandi sjúkraflutninga á **BLÁR 8 - 5** eftir því sem við á (SST getur fært verkefnið á annan talhóp ef álag gefur tilefni til) ásamt HSS.
- Rauði krossinn á Íslandi (fjöldahjálparstöð/SSA) er í sambandi við AST/SST á **BLÁR 8 - 6**

Verkþáttastjórar og þeirra verkþættir geta notað talhópa:

Björgunarstjóri	Tetra	BLÁR 8 - 1
Aðhlyningarstjóri	Tetra	BLÁR 8 - 2
Gæslustjóri	Tetra	BLÁR 8 - 3
Flutningastjóri	Tetra	BLÁR 8 - 4


Gáttun milli VHF og Tetra er framkvæmd af stjórnstöð Landhelgisgæslunnar við virkjun viðbragðs-áætlunarinnar. Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar sér um að samtengja Tetra-talhópa „patsa“ þegar og ef við á. SST, AST, VST, VST-sjór og stjórnstöð Landhelgisgæslunnar eru með opið fyrir fjarskipti á Tetra- talhóp **Blár 8 - 7** og nýta hann til að koma upplýsingum á milli viðbragðsaðila sem nota einungis Tetra annarsvegar og hefðbundin skipafjarskipti hinsvegar. Frekari útfærsla á skipulagi fjarskipta er ákveðin af stjórnanda á vettvangi í samráði við yfirstjórn.



Mynd: 9.1 Grunnskipulag fjarskipta

Blár 1 Höfuðborgar- svæðið	Blár 2 Suðurnes	Blár 3 Vesturland	Blár 4 Vestfirðir	Blár 5 Norðurland vestra	Blár 6 Norðurland eystra	Blár 7 Austurland	Blár 8 Suðurland	Blár 9 Vestmanna- eyjar
Blár 1-0	Blár 2-0	Blár 3-0	Blár 4-0	Blár 5-0	Blár 6-0	Blár 7-0	Blár 8-0	Blár 9-0
Blár 1-1	Blár 2-1	Blár 3-1	Blár 4-1	Blár 5-1	Blár 6-1	Blár 7-1	Blár 8-1	Blár 9-1
Blár 1-2	Blár 2-2	Blár 3-2	Blár 4-2	Blár 5-2	Blár 6-2	Blár 7-2	Blár 8-2	Blár 9-2
Blár 1-3	Blár 2-3	Blár 3-3	Blár 4-3	Blár 5-3	Blár 6-3	Blár 7-3	Blár 8-3	Blár 9-3
Blár 1-4	Blár 2-4	Blár 3-4	Blár 4-4	Blár 5-4	Blár 6-4	Blár 7-4	Blár 8-4	Blár 9-4
Blár 1-5	Blár 2-5	Blár 3-5	Blár 4-5	Blár 5-5	Blár 6-5	Blár 7-5	Blár 8-5	Blár 9-5
Blár 1-6	Blár 2-6	Blár 3-6	Blár 4-6	Blár 5-6	Blár 6-6	Blár 7-6	Blár 8-6	Blár 9-6
Blár 1-7	Blár 2-7	Blár 3-7	Blár 4-7	Blár 5-7	Blár 6-7	Blár 7-7	Blár 8-7	Blár 9-7
Rauður 1-1	Rauður 2-1	Rauður 3-1	Rauður 4-1	Rauður 5-1	Rauður 6-1	Rauður 7-1	Rauður 8-1	Rauður 9-1
Rauður 1-2	Rauður 2-2	Rauður 3-2	Rauður 4-2	Rauður 5-2	Rauður 6-2	Rauður 7-2	Rauður 8-2	Rauður 9-2
Rauður 1-3	Rauður 2-3	Rauður 3-3	Rauður 4-3	Rauður 5-3	Rauður 6-3	Rauður 7-3	Rauður 8-3	Rauður 9-3
Gulur 1-1	Gulur 2-1	Gulur 3-1	Gulur 4-1	Gulur 5-1	Gulur 6-1	Gulur 7-1	Gulur 8-1	Gulur 9-1
Gulur 1-2	Gulur 2-2	Gulur 3-2	Gulur 4-2	Gulur 5-2	Gulur 6-2	Gulur 7-2	Gulur 8-2	Gulur 9-2
Gulur 1-3	Gulur 2-3	Gulur 3-3	Gulur 4-3	Gulur 5-3	Gulur 6-3	Gulur 7-3	Gulur 8-3	Gulur 9-3
SST - Blár								
SST - Rauður								
SST - Gulur								
AST-1	AST-2	AST-3	AST-4	AST-5	AST-6	AST-7	AST-8	AST-9
VST-1	VST-2	VST-3	VST-4	VST-5	VST-6	VST-7	VST-8	VST-9

Mynd 9.2 Talhópaöppur




Mynd 9.3 Umdæmaskipting fjarskiptatalhópa


Blár X Umdæmi	Heilbrigðisstofnanir Landhelgisgæslan Lögregla Neyðarlínan varðstofa Sjúkraflutningar Slökkvilið	RAUÐUR	
	Aðgerðastjórnir Björgunarsveitir Isavia Rauði krossinn á Íslandi - Allir sem hafa aðgang að rauðum hópum	BLÁR	
	Fjarskiptafyrirtæki Hafnir Jarðvísindastofnun Spölnur Strætó Sveitarfélög Veðurstofan Vegagerðin Veitustofnanir Þjóðgarðar - Allir sem hafa aðgang að rauðum og bláum hópum	GULUR	
	Blár X-0		
	Blár X-1		
	Blár X-2		
	Blár X-3		
	Blár X-4		
	Blár X-5		
	Blár X-6		
Blár X-7			
Rauður X-1			
Rauður X-2			
Rauður X-3			
Gulur X-1			
Gulur X-2			
Gulur X-3			
SST - Blár			
SST - Rauður			
SST - Gulur			
AST-X			
VST-X			

Mynd 9.4 Aðgangsstýring að talhópum

10.0 Kort



Mynd 10.1 Sóttvarnaumdæmin (sjö) og staðsetning umdæmis- og svæðislækna sóttvarna



Mynd 10.2 Heilbrigðisumdæmin eru sjö (7), sérhæfð sjúkrahús eru tvö (2) og heilbrigðisstofnanir eru sex (6)

11.0 Dreifingarlisti

Eintakið er vistað rafrænt á eftirtöldum vefsíðum:

<https://www.almannavarnir.is/utgefid-efni/>

Opnum vef *HSU Hornafirði*

<http://hsu.hornafjordur.is/um-hsu/hopslysa-og-vidbraqdsaaetlun/>

Auk þess eru rafræn og prentuð eintök vistuð á eftirtöldum stöðum:

Staður eða stofnun	Fjöldi prentaðra eintaka
Aðsetur viðbragðstjórnar (VBS) stofnunar	1 stk.
Læknastofur, hjúkrunardeild	3 stk
Aðgerðastjórnstöð (AST) umdæmis – Björgunarfélagshús Höfn	1 stk.
Samhæfingarstöðin (SST)	1 stk.
Lögreglustöð Höfn	1 stk
Landlæknir	1 stk
Almannavarnadeild RLS	1 stk

12.0 Breytingasaga

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar/breytingar	Fært inn
1.0	Maí 2009	Fyrsta útgáfa viðbragðsáætlunar HSSA	Ester
2.0	Júní 2010	Önnur útgáfa viðbragðsáætlunar HSSA	Ester
3.0	Maí 2012	Þriðja útgáfa viðbragðsáætlunar HSSA	Ester / Áslaug
4.0	Ágúst 2019	Fjórtða útgáfa viðbragðsáætlunar HSU Hornafirði	Elín Freyja

13.0 Viðaukar

Viðauki 13.1 Lög og reglugerðir

1. [Alþjóðaheilbrigðisreglugerðin, \(IHR-2005\)](#)
2. [Lög um almannavarnir nr. 82/2008](#)
3. [Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007](#)
4. [Sóttvarnalög nr. 19/2007](#)
5. [Reglugerð um sóttvarnaráðstafanir nr. 817/2012](#)

Viðauki 13.2 Gátlisti vegna sjúklingamóttöku í sjúkdómsfaraldri

Útbúnaður í umhverfi	Til rannsókna og meðferðar	Hlífðarbúnaður starfsmanna	Lyf
Stofa til einangrunar einstaklings eða til hópeinangrunar	Skráningablöð og skriffæri. Rannsóknarbeiðnir	Hlífðargrímur	Verkjalyf
Vaskur, sápa, þurrkur	Hlustunarpípa	Einnota hanskar	Veirulyf, sýklalyf
Handspritt	O ₂ mettunarmælir	Hlífðarslopppar	Súrefni
Ruslafata og plastpokar	Hitamælir, bj-mælir	Plastsvuntur	NaCl 30 stk
Grind og pokar fyrir óhreint lín	Klórhexidínspritt	Hlífðargleraugu	RA 30 stk
Hjólaborð og skrifborð	Æðanalar, plástrar, umbúðir	Hlífðarsamfestingar	Ventolin inhal 3 ks
Tölva með aðgengi að SÖGU	Vökvasett og gul nálabox		Atrovent 1 ks
Legubekkir, koddar, ábreiður og lín	Innrennslisvökvi (RA og NaCl). Saltvatn 20 ml og sæft vatn 20 ml	Þrif á umhverfi:	
Nýrnabakkar	Veirusýnatökupinnar (rauður tappi), sýnaglös, bakteríupinnar (bleikir tappar)	Bréfrúllur og sprittþurrkur	
Einnota glös	Merkimiðar	Umhverfisspritt e.t.v. annað sótthreinsiefni eftir smitvaldi	
	Plast fyrir sýni og beiðnir	Sápa, tuskur og áhöld	

Viðauki 13.3 Bráðaflokkun og áverkamat

Þegar grunur leikur á mengun eða smithættu og þolendur margir, er gert ráð fyrir að bráðaflokkunar-
spjöld og eftir atvikum mengunarspjöld verði notuð á vettvangi, sjá mynd 13.2 og mynd 13.3.

Bráðaflokkun og áverkamat er forgangsröðunarkerfi sem notað er af öllum viðbragðsaðilum á Íslandi.
Kerfið nýtist í hópslysum, óháð hvers eðlis atburðarásin er (t.d. bílslys, flugslys, mengunarslys o.s.frv.).
Tilgangurinn með slíku kerfi er margþættur:

- Að öðlast upplýsingar um umfang og alvarleika atburðar á sem skemmstum tíma.
- Að nýta þær bjargir sem til staðar eru á sem bestan hátt miðað við aðstæður.
- Að „réttur“ sjúklingur gangi fyrir og fari á réttan stað á réttum tíma.
- Að allir viðbragðsaðilar tali sama tungumálið og hafi sameiginlegan skilning á stöðu mála.




Kerfið byggir á tvískiptri flokkun:

- Bráðaflokkun, gróf forgangsröðun á vettvangi.
- Áverkamat, ítarlegra mat sem framkvæmt er á söfnunarsvæði fyrir slasaða eða í sjúkraflutningum.

Forgangsflokkar bráðaflokkunar og áverkamats eru eftirfarandi:

- **Rauður** (Forgangur 1), sjúklingur í lífshættu.
- **Gulur** (Forgangur 2), sjúklingur ekki í lífshættu en með alvarlega áverka sem gætu orðið lífshættulegir.
- **Grænn** (Forgangur 3), sjúklingur ekki í lífshættu og getur beðið. Rétt er að taka fram að ekki skal líta á græna sjúklinga sem óslasaða.
- **Svartur**, sjúklingur er látinn.

Nánari upplýsingar um bráðaflokkun er að finna í [Handbók um heilbrigðisþjónustu og almannavarnir](#) sem vistuð er á vef Embættis landlæknis.

<p>NOTIÐ HLÍÐARBÚNAÐ</p> <p>SMART EQUIPMENT SMART FACILITY EQUIPMENT CENTER www.tgassociates.net</p> <p>SMITHÆTTA</p> <p>SKADVALDUR:</p> <p>EF SMITHÆTTA: Á ÞESSI HLÍÐ AD VERA SÝNILEG</p>	<p>NOTIÐ HLÍÐARBÚNAÐ</p> <p>HREINSUN</p> <p>Númer ávaskunar eða kembla sjúklings:</p> <p>Upplýsingar frá ávaskunni:</p> <p>HVER: <input type="checkbox"/> Sökkvöld - sjúkráfrutningar <input type="checkbox"/> Sjúkrabús</p> <p>HVAR: <input type="checkbox"/> Á vötvangi <input type="checkbox"/> Sjúkrabús <input type="checkbox"/> _____</p> <p>ADFERÐ: <input type="checkbox"/> Frumleirison <input type="checkbox"/> Lokaleirison</p> <p>TÍMI: _____</p> <p>HREINSUN: <input type="checkbox"/> Fjarlægja öll föt <input type="checkbox"/> Skola <input type="checkbox"/> Vatn og sápa</p> <p>TÍMI: _____</p> <p>Þú ert um sár eftir hreinsun kl: _____</p>	<p>NOTIÐ HLÍÐARBÚNAÐ</p> <p>SMART EQUIPMENT SMART FACILITY EQUIPMENT CENTER www.tgassociates.net</p> <p>MENGUN</p> <p>SKADVALDUR:</p> <p>Merkið með:</p> <p>X   </p> <p>EITUREFNI SMITHÆTTA GEISLAVIRNI</p>
---	--	---

Mynd 13.1 Mengunarspjald. Framhliðar og bakhlið

<p>NOTIÐ HLÍÐARBÚNAÐ</p> <p>EITUREFNI</p> <p>SKADVALDUR:</p> <p>EINKENNI SKADVALDS</p> <p><input type="checkbox"/> Öndun: Kælandi, erandi <input type="checkbox"/> Húð: Bláurmyndandi, atandi</p> <p><input type="checkbox"/> Taugakerfi: Lamandi, hamlandi <input type="checkbox"/> Arnab:</p> <p>EINKENNI:</p> <p>MEDFERÐ OG ÁRÆTLUN:</p>	<p>NOTIÐ HLÍÐARBÚNAÐ</p> <p>GEISLAVIRKNI</p> <p>TEGUND: <input type="checkbox"/> ALFA <input type="checkbox"/> BETA <input type="checkbox"/> GAMMA</p> <p>MÆLING Á GEISLUN: <input type="checkbox"/> Mæling</p> <p>MENGUN: <input type="checkbox"/> Innvertis <input type="checkbox"/> Úthortis</p> <p>EINKENNI:</p> <p>MEDFERÐ OG ÁRÆTLUN:</p>	<p>NOTIÐ HLÍÐARBÚNAÐ</p> <p>SMITHÆTTA</p> <p>SKADVALDUR:</p> <p>SMITLEIÐ EF ÞEKKT:</p> <p>EINKENNI:</p> <p>MEDFERÐ OG ÁRÆTLUN:</p>
--	--	---

Mynd 13.2 Mengunarspjald. Eiturefni, geislavirkni eða smithætta

Viðauki 13.4 Búnaður neyðarsveitar

Búnaður neyðarsveitar

- Almannavarnataska – anddyri við skiptistofu
- Akúttaska með sjúkrabúnaði læknis – í læknabíl
- Lyfja og vökvataska – anddyri við skiptistofu, þarf að fylla
- Vesti og hjálmar – hanga í anddyri við skiptistofu
- Mittistöskur – hanga í anddyri við skiptistofu
- Útiföt – hanga í anddyri við skiptistofu
- Hanskar stærð M og L, hlífðargrímur og svuntur.

Viðauki 13.4 Lyf og vökvi neyðarsveitar

Lyf og vökvi neyðarsveitar


- Vökvi
 - 8 x NaCl / 1000ml
 - 8 x Ringer / 1000 ml
 - 6 x Glucosi / 1000ml
- Lyf
 - Verkjalyf
 - 10 x Morfin ampúllur
 - 5 x S-ketamin ampúllur
 - 10 x Dormicum ampúllur
 - 5 x Toradol ampúllur
 - 1 x pakki parkodin Forte
 - 1 x pakki parataps
 - 1 x pakki ibufen eða voltaren
 - 1 x pakki pinex junior 250mg stílar
 - 1 x pakki pinex 500mg stílar
 - Mótefni
 - 4-6 x naloxon ampúllur
 - 5 x konakion ampúllur
 - 10 x Tranexamsýru ampúllur
 - 1 x Glucosi 50 % flaska
 - 6 x Adrenalin ampúllur
 - Annað
 - 5 x Furix ampúllur
 - 1 x pakki nitroglycerin töflur / spray
 - 2 x Dobutamin ampúllur
 - Sýklalyf
 - 2 x Rocephalin 1g ampúllur
 - 2 x Cefuroxim 1,5 g ampúllur
 - 2 x Augmentin 1,2 g ampúllur

Viðauki 13.5 Yfirlitskort yfir söfnunarsvæði sýkra

Íþróttahúsið Mánagarður í Nesjum

Íþróttahúsið Mánagarði sem SSS

00005917



Varðandi úrgang og þrif frá söfnunarsvæði sýkra


- Rusli er sett í gula ruslapoka sem safnað er saman í kerru fyrir utan inngang súkra.
- Þvottur er settur í uppleysanlega maispoka, eins og gert er á sjúkrastofnunum.
- Þrif verða í samráði við sóttvarnalækni, og samkvæmt hans ráðleggingum. Er breytilegt í hverju tilviki fyrir sig og því ekki útlistað hér. Mikilvægast er að ekkert fari inn á söfnunarsvæði sýkra sem ekki þolir suðupvott eða klór/spritt þrif.

Gátlisti vegna undirbúnings húsnæðis fyrir móttöku sýkra


- Flytja alla bólstraða stóla inn á rauða svæðið
- Flytja fimleikadýnur og annan búnað inn í litla salinn, appelsínugulur.
- Loka millihurð á milli íþróttasala, bláa og appelsínugula. Innsigla með málingarteipi og plasti.
- Loka hurð milli appelsínugula og græna svæðistins, innsigla með málingarteipi og plasti.
- Innsigla rauðu geymsluna við bláa salinn
- Innsigla skrifstofuna, rauðu.
- Finna og innsigla mögulegar lofttúður á milli þessara rýma.
- Hafa borð og stóla á græna svæðinu, ekki bólstraða stóla.

- Fylla á salernispappír, handsápu og handþurrkur við öll salerni og vaska.
- Setja ruslatunnur við alla vaska með gulum sóttvarna-ruslapoka í (á stærð við svarta ruslapoka)
- Setja upp ruslatunnu á græna svæðinu, með gulum sóttvarna-ruslapoka í
- Sækja kerru í eigu HSU Hornafirði og stilla upp fyrir framan Mánagarð, til að safna ruslapokum og sóttmenguðum þvotti í
- Slökkva á loftræstikerfi, ef slíkt er til staðar
- Sækja hópslysakerru í Öræfin – Káraskjóli
- Skaffa til teppi sem þola suðupvott
- Skaffa útlarp inn á rauða svæðið

Viðauki 13.6 Yfirlitskort yfir söfnunarsvæði slasaðra, heilsugæsla



Viðauki 13.7 Yfirlitskort yfir HSU Hornafirði, starfssvæði og geymsla búnaðar



1. Lyfjaherbergi – lyfjalager
2. Milligangur – sóttvarnabúnaður í skáp á gangi (pílan)
3. Rannsókn
4. Skiptistofa
5. Akútherbergi
6. Geymsla búnaðar neyðarsveitar
7. Sjúkrabíla inngangur (súrefniskútar í útigeymslu)
8. Röntgen
9. Biðstofa
10. Símavarsla
11. Kaffistofa, fundaraðstaða og starfstöð viðbragðsnefndar
12. Fæðingarstofa
13. Hjúkrunarlager